

1. tölublað, 11. árgangur. Apríl 2015

FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi

**Frímúrarahúsin sem ekki risu
Kjarval og Frímúrarareglan
Stórskáldið Goethe
Helgafell 80 ára
Glitnir 40 ára
Ný Andrésarstúka**



www.optima.is

Skrifstofutæki

fyrir öll fyrirtæki



RICOH

Mikið úrval ljósritunarvéla,
prenturum og skönnum
fyrir stór sem smá fyrirtæki.



Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við
getum gert fyrir þig



ROSENGRENS

Oryggis-og peningaskápar



BISLEY

Skjala-og skrifstofuskápar

S T O F N A Ð 1 9 5 3

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

FRÍMÚRARINN

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

YAR

Pétur K. Esrason (R&K)

Ritstjóri

Steingrímur S. Ólafsson (X)
steingrimur.saevarr@gmail.com

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Ólafur G. Sigurðsson (IX)
olafurs@granthornton.is

Pétur S. Jónsson (VII)
pedro@medialux.com

Pór Jónsson (VI)
thor12@ru.is

Prófarkalestur

Bragi V. Bergmann (VIII)
bragi@fremri.is

Netfang

Greinar sendist til
frimur@centrum.is
merktar: Frímúrarinn

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfundar og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar. Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Tillaga að Frímúrarahúsi við Garðastræti árið 1923.
Ljósmynd: Kristján Maack.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

Stefnan mörkuð

Þegar ég las skýrslu Stefnumótunarnefndar, sem hún skilaði af sér um miðjan desember, kom margt í hugann. Fyrst var það undrun yfir því mikla verki sem unnið hafði verið af 283 bræðrum á innan við einu ári og svo þakk-læti fyrir fagleg og örugg vinnubrögð. Ekki síður vakti athygli og gleði sú virðing fyrir grunnildum Reglunnar og áhugi á velferð hennar í bráð og lengd, sem niðurstöður skýrslunnar sýndu.

Þá er margvíslegar upplýsingar að finna í skýrslunni um viðhorf bræðranna til fjölmargra þátta í starfinu svo og um álit Reglunnar í hinum ytra heimi. Allt það nýttist okkur vel á næstu árum við að lagfæra það sem betur má fara.

Loks eru í skýrslunni fjöldi ábendinga og tillögur um aðgerðir til hagsbóta fyrir starfið og Regluna. Þær eru af ólíkum toga, sumar ítarlegar og yfirgripsmiklar, aðrar einfaldari í sniðum. Allar tillögurnar eiga það sameiginlegt að velvilji og áhugi á framgangi Reglunnar liggur þar að baki.

Á Regluhátíð í janúar sl. vakti ég athygli á því að í tillögum og ábendingum bræðranna væri umhyggja í fyrirrúmi. Þar á ég við umhyggju fyrir bræðrunum frá mörgum sjónarhornum. Umhyggja fyrir ungbræðrum sem eru að stíga fyrstu skrefin á frímúrarabrautinni, umhyggja fyrir eldri bræðrum og sjúkum. Umhyggja fyrir ekkjum og bræðrum sem hafa orðið fyrir áföllum í lífinu, umhyggja fyrir þeim

bræðrum sem einhverra hluta vegna hafa fjarlægst reglustarfið og umhyggja fyrir hreyfihömluðum og heyrnardaufum. Og er þá langt frá að allt sé upp talið. Frímúrarareglan er bræðralag og því er eðlilegt að umhyggja fyrir bræðrunum sé okkur ofarlega í huga.

Frímúrarareglan ber líka umhyggju fyrir samfélaginu og miskunnsemi og velgjörðir hafa því ávallt verið órjúfanlegur hluti af starfinu. Lengst af hefur góðgerðarstarf frímúrarara farið hljótt og ekki verið lögð áhersla á að kynna

það sérstaklega. En með stofnun Frímúrarasjóðsins á sínum tíma varð breyting á og sum styrktarmál kynnt út á við. Þá hefur síðustu misseri verið lögð áhersla á að upplýsa bræðurna um þennan þátt í starfi Reglunnar. Og í næstu framtíð þarf að gera enn betur í þessum efnum.

Á fjölmennum fundi í Regluheimilinu í lok janúar þar sem skýrsla Stefnumótunarnefndar var kynnt og rædd var lögð áhersla á að skýrslan væri upphaf en ekki endir. Framundan væri að hrinda í framkvæmd góðum tillögum. Og á fundum sínum í janúar og febrúar hefur Æðsta ráð Reglunnar farið yfir skýrsluna og nú hafa 11 verkefni verið valin til að vinna að á þessu ári. Á næsta ári verða svo fleiri verkefni tekin fyrir.

Stefnan er nú mörkuð og framkvæmd hafin.

Valur Valsson SMR



Valur Valsson.



Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

Frímúrararateningurinn er málverk í einkaeygu. Það var gjöf Kjarvals til Sveins Björnssonar í tilefni forsetakjörsins á Þingvöllum 1944.

Kjarval og Frímúrarareglan

eftir Stefán Einar Stefánsson

Árið 1877 fæddist Karítas Þorsteinsdóttur Sverrisen og Sveini Ingimundarsyni bónda í Efríey í Meðallandi sonur sem hlaut nafnið Þorsteinn Hermann. Hann lést í frum-bernsku. Ári síðar eignuðust þau annan dreng og var hann


helgaður Guði í skírni og gefið sama nafn, Þorsteinn Hermann. Að auki var hann nefndur Kjarval og var það gert í von um að það mætti auka honum gæfu og lengja lífdaga hans. Sjö árum síðar fæddist þeim Karítas og Sveini drengur sem þau nefndu Jóhannes. Í upphafi annars áratugar 20. aldarinnar tók hann sér nafn eldri bróður síns og nefndi sig Jóhannes Kjarval. Nafnið þekkja allir fullveðja Íslendingar

og tengja það einatt því gríðarmikla ævistarfi sem hann skildi eftir sig, þúsundum málverka, teikninga og skissa sem mörg hver eru talin meðal mestu dýrgripa íslenskrar listmenningar fyrr og síðar. Færri vita að þessi mikli listamaður gekk í frímúrarastúkuna Eddu að kvöldi 15. janúar 1924, 38 ára að aldri. Ýmislegt veldur því, m.a. stopul fundasókn hans á vettvangi Reglunnar og sömuleiðis missennilegar sögusagnir um það af hverju samfylgd hans við hana var með þeim hætti sem raun varð á. Nýleg rannsókn á tengslum Kjarvals og Frímúrarareglunnar leiðir í ljós að hann var skráður félagi allt til dánardags og það sem meira er, listsköpun hans var að meira marki undir áhrifum af því starfi sem hann kynntist innan vébanda Reglunnar en áður hefur verið talið.

Upphafið

Meðmælendur hans voru Grímúlfur Ólafsson, tollvörður í Reykjavík og Egill Jacobsen stórkaupmaður. Ekki er að fullu ljóst hvar eða hvenær Kjarval kynntist þessum bræðrum sem voru meðmælendur hans inn í Regluna. Þó er ljóst að Kjarval hélt einkasýningu á efri hæð í nýbyggðu verslunarhúsi Egils Jacobsen í apríl 1922 í Austurstræti en Egill var mjög virkur í starfi Frímúrarareglunnar. Það var að undirlagi vina Kjarvals sem sú sýning var haldin og er ekki ólíklegt að þeir hafi leitað til Egils og óskað eftir afnotum af húsinu. Þar kunna kynni þeirra tveggja að hafa hafist, kynni sem síðar urðu þá til þess að Kjarval lagði inn umsókn um inngöngu í Regluna á síðari hluta ársins 1923. Kjarval opnaði tífundu einkasýningu sína árið 1924 í sama húsi og því er ljóst að tengsl Kjarvals og Egils hafa ekki aðeins haldið áfram á vettvangi Frímúrarareglunnar heldur einnig í tengslum við listsköpun þess fyrrnefnda. Jafnframt er á huldu hvernig tengsl tókust milli Kjarvals og Grímúlfs. Þó má leiða að því líkur að Grímúlfur hafi hitt á Kjarval í borginni sem ekki var svo stór í sniðum, sótt sýningar hans og jafnvel kynnst honum þegar hann hafi tollafgreitt myndir eða annan varning fyrir hinn unga listamann á þessum árum. Nokkuð af þeim myndum sem Kjarval sýndi í apríl 1922 hafði hann málað í Danmörku og öðrum þeim löndum sem hann ferðaðist um árin á undan. Þá vitum við reyndar fyrir víst að Grímúlfur var að minnsta kosti vel meðvitaður um Kjarval og listsköpun hans allt frá árinu 1919. Því má slá föstu í ljósi þess að Grímúlfur var ritstjóri dagblaðsins Frónar og í því var fjallað um Kjarval laugardaginn 7. júní það ár. Umfjöllunin er nokkuð umfangsmikil og auk þess á forsíðu og hefur ekki komist þangað öðruvísi en að ritstjórinn ígrundaði efnistökin nokkuð vandlega.

Þá er einnig nauðsynlegt að gera sér grein fyrir öðrum þeim tengslum sem mögulega hafa leitt Kjarval að þeirri ákvörðun að leita upptöku í Reglunni. Í ljós kemur að þau tengsl eru ýmiss konar, þegar mynd er dregin upp af tengslaneti listamannsins, þeim verkefnum sem hann fékkst við og öðrum aðgengilegum gögnum sem varpa ljósi á það hverjir það voru sem sýndu listsköpun hans áhuga. Einn þeirra manna var Magnús Jónsson, dósent við Guðfræðideild Háskólans. Hann var mjög virkur í starfi Frímúrarareglunnar á þessum árum, viðurkenndur frístundamálarí og skrifaði um myndlist á opinberum vettvangi. Hafði hann m.a. birt lofsamlega umfjöllun um fyrrnefnda sýningu í húsi Egils Jacobsen í dagblaðinu Vísi í apríl 1922 og annan ekki síðri dóm í sama blaði í desember



Ljósmynd: Jón Kaldal

Jóhannes Kjarval var litríkur persónuleiki sem batt ekki bagga sína sömu hnútum og samferðamennirnir.

1923 í tengslum við sýningu Kjarvals sem haldin var í nóvember það ár. Þessi mikli áhugi Magnúsar Jónssonar hefur örugglega smitast inn á ganga Háskólans sem þá var til húsa á fyrstu hæð Alþingishússins. Þar voru m.a. að störfum Ólafur Lárusson lagaprófessor og Haraldur Níelsson, prófessor við guðfræðideild skólans, en þeir sóttu báðir upptökufundinn 15. janúar 1924.

Haustið 1922 hélt Listvinafélagið sýningu á verkum nokkurra velþekktara listamanna og voru þar verk Kjarvals og Jóns Stefánssonar mest áberandi. Um þá sýningu ritaði Ásgeir Ásgeirsson, þá kennari við Kennaraskólann, síðar forseti Íslands og SMR, í Vísi. Matthías Þórðarson þjóðminjavörður var virkur í starfi Reglunnar og mætti til upptökufundar Kjarvals. Þeir þekktust vel í gegnum samstarf á vettvangi Listvinafélagsins.

Landsbanki Íslands hafði fengið Kjarval til að mála portret af fjórum fyrstu bankastjórum bankans á árinu 1923. Ákvörðun um gerð myndanna var í höndum þeirra sem stýrðu bankanum á þessum tíma, en þeir voru allir frímúrarar, Ludwig E. Kaaber, Magnús Sigurðsson og Georg Ólafsson.



Ljósmynd: Ólafur K. Magnússon

Kjarval var jarðsöngurinn frá Dómkirkjunni í Reykjavík 26. apríl 1972. Þar stóðu frímúraraar heiðursvörð. Jón Auðuns flutti kveðjuorð og kveðjulag frímúrara var leikið á fiðlu.

Þegar nýjar höfuðstöðvar Landsbankans voru reistar í Austurstræti á árunum 1923-1924 var Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, fenginn til að teikna bygginguna og hafa yfirumsjón með framkvæmdum við hana. Hefur hann án nokkurs vafa ráðið miklu um að Kjarval var fenginn til að mála veggmyndir þær sem prýða efri hæð hússins. Hófst Kjarval handa við þær um það leyti sem hann gekk í Frímúrararegluna. Guðjón Samúelsson var mjög virkur í starfi Frímúrarareglunnar á þessum árum og mætti m.a. til upptökufundar Kjarvals.

Af þessu er ljóst að um nokkurra ára skeið höfðu virkir félagar í Reglunni bæði haft spurnir af Kjarval, hýst eða komið að sýningum hans með ýmsu móti, óskað þjónustu hans og fjallað um listsköpun hans opinberlega. Í fámenninu má gera ráð fyrir að kynni hafi tekist með þessum mönnum.

Ekki verður því haldið fram að Kjarval hafi verið mjög virkur í starfi Frímúrarareglunnar, um það vitna fundargerðir Eddu. Hann hélt þó alla tíð góðum tengslum við þá menn sem hann kynntist í Reglunni og hann var skráður félagi hennar allt til dauðadags.

Tvö verk

Þá vitna nokkur verka hans um að honum hafi verið starf Frímúrarareglunnar ofarlega í huga og þar má sérstaklega benda á tvö verk sem hvort um sig njóta nokkurrar sérstöðu. Annars vegar er það verkið *Krítik* sem talið er til mikilvægustu verka hans og hins vegar verk sem fáir höfðu vitneskju um þar til það komst úr eigu erfingja Sveins Björnssonar forseta og fyrrum SMR fyrir fáum árum. Fyrirnefnda verkið er margrætt og uppfyllt af

táknmáli en síðarnefnda verkið er einfalt og geymir með skýrum hætti það sem vakti fyrir listamanninum frammi fyrir striganum á tilurðartíma þess.


Kjarval hófst handa við *Krítik* árið 1946 en það var ekki sýnt opinberlega fyrr en á sýningu í Listamannaskálanum árið 1954. Var það stærsta verkið sem hann hafði málað og sýnt fram að þessum tíma en það er 213 cm á hæð og 402 cm á breidd. Um þetta mikilfenglega verk hefur mikið verið ritað. Það sem þó einkennir umfjöllunina alla er að aldrei er minnst á tengsl Kjarvals við Frímúrararegluna og það táknmál sem tengir verkið og Regluna með augljós- um hætti. Það er í eigu Listasafns Reykjavíkur og hægt er að virða það fyrir sér á Kjarvalsstöðum.

Fyrir örfáum árum barði undirritaður í fyrsta sinn augum afar sérstakt málverk eftir Kjarval. Hafði það þá nýlega komist í eigu núverandi eiganda þess. Verkið hafði Kjarval fært Sveini Björnssyni forseta og nefndi það *Frímúrarateninginn*. Verkið hafði gengið frá Sveini til sonar hans og síðar sonarsonar en hvorugur þeirra var frímúrari. Núverandi eigandi var ekki að fullu viss um tilurðarsögu verksins, þ.e. hvenær Kjarval færði forsetanum það að gjöf. Við nokkuð nákvæma rannsókn á gögnum Sveins fundust tvö skjöl sem varpa ljósi á þá sögu. Annars vegar er það þakkarskeyti til Kjarvals, sem Sveinn sendi honum líkt og mörgum velunnurum sínum í kjölfar embættistökkunnar á Þingvöllum 17. júní 1944. Þar þakkar hann honum hið sérstæða „form kveðjunnar“ eða heillaóskanna. Hins vegar er það ljósmynd sem sýnir maskínupappír, skreyttan af hendi Kjarvals, með kveðju til Sveins af sama tilefni. Þar eru að öllum líkindum umbúðirnar af verkinu því Kjarval pakkaði einatt verkum sínum í pappír af þessu tagi þegar



Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

Kritik er eitt þekktasta og stærsta málverk Kjarvals. Það er í eigu Listasafns Reykjavíkur og er varðveitt á Kjarvalsstöðum.



Við rannsókn á tengslum Kjarvals og Frímúrarareglunnar kom í leitirnar ljósmynd sem sýnir kveðju Kjarvals til Sveins Björnssonar sem hann sendi í júní eða júlí 1944.

hann flutti þau eða sendi milli staða. Hin sérstæða kveðja listamannsins vitnar um að verkið var málað á Kirkjubæjarklaustri í kjölfar hátíðarhaldanna á Þingvöllum og í Reykjavík 17.-18. júní 1944. Þá hafa listfræðingar einnig lýst þeirri skoðun sinni að verkið hafi verið málað á árabílinu 1943-45 og rennir það enn frekari stöðum undir að það hafi verið gjöf Kjarvals til Sveins af fyrrnefndu tilefni.

Við leiðarlök

Pegar Kjarval lagði af stað í sína hinstu ferð var hann fyrir löngu orðinn eins konar „sameign“ íslensku þjóðarinnar, ef hægt er að nota það hugtak yfir mann sem af holdi og blóði er gerður. Þar sem hann var borinn til grafar frá Dómkirkjunni í Reykjavík stóðu þrír bræður úr Frímúrarareglunni heiðursvörð undir súlunum þremur og kertunum níu. Kveðjulag frímúrara var leikið á fiölu og sr. Jón Auðuns R&K flutti kveðjuorð fjölskyldunnar við sama tilefni. Þannig kvöddu bræðurnir Kjarval á sinn hefðbundna og kyrrláta hátt. Sú staðreynd vitnar fyrst og fremst um það að Reglan gleymdi honum ekki og stóð sína plikt við leiðarlök. En þá má heldur ekki gleyma því að verkin fyrrnefndu, sem með ólíkum hætti tengjast Reglunni og starfi hennar, bera vott um að Kjarval hafi heldur ekki gleymt Reglunni og því sem hún stendur fyrir. Flest bendir til að hann hafi í hinu magnaða verki *Kritik*, verið undir áhrifum af því skrefi sem hann kaus að taka í upphafi árs 1924. Einnig vitnar *Frímúrarateningurinn*, sem hann málaði tveimur árum áður en hann hófst handa við *Kritik*, með óyggjandi hætti um að hann hafði hugann við Regluna og grundvöll hennar.



Ljósmynd: Lars Billström

Allir sem starfa í stúkunni eru klæddir upprunalegum klæðum frá átjándu öld, bera hárkollur og eru púðradir í andliti.

Sögustúkan La Lumière í Stokkhólmi endurspeglar tíðaranda átjándu aldar

Þátttakendum líður eins og þeir hafi ferðast tvær aldir aftur í tímann

Þegar St. Jóhannesarstúkan la Lumière var stofnuð árið 2003 í Stokkhólmi, var skrifað í stofnsamþykktir hennar að bræðrum í stúkunni bæri að halda svokallaða „sögustúku“ ár hvert, en þá er frímúrarafundur haldinn eftir elstu nothæfu fræðabálkum sænska kerfisins, og útlit og umgjörð fundarins endurspeglar tíðaranda þessara fyrstu funda. Efnit var til slíks fundar þegar á fyrsta starfsári stúkunnar, og nú á haustmánuðum var sögustúkan haldin í ellefta sinn, og bræður í stúkunni og

gestir þeirra gátu upplifað fund eins og þeir voru framkvæmdir í árdaga Reglunnar.

Auðvelt er að ímynda sér að þátttakendum sögustúku la Lumière líði eins og þeir hafi ferðast 2 aldir aftur í tímann á fundunum. Allir sem starfa í stúkunni eru klæddir upprunalegum klæðum frá átjándu öld, bera hárkollur og eru púðradir í andliti. Og munurinn er ekki bara merkjanlegur í útliti og umgjörð stúkunnar, því allt orðalag og tungutak fræðabálkanna er flutt alger-

lega óbreytt frá upprunátíma sínum.

Sögufundurinn sjálfur, eins og hann er haldinn í dag, styðst við nokkrar mismunandi útgáfur fræðabálka. Opnun fundarins er framkvæmd eftir handriti Carl Friedrich Eckleffs frá 1757 og 1759. Meginhluti fundarins styðst aftur á móti við útgáfu frá 1780, þegar Karl hertogi (sem síðar varð Karl XIII., konungur Svía) hafði endurskoðað fundarsköpin, og fundarslit eru framkvæmd eftir fræðabálkum frá árinu 1800, þegar hertoginn hafði

í annað sinn endurskoðað og breytt fundinum.

Fyrir nútíma frímúrara er í raun og veru sláandi hversu mikið af fundinum á sér samhljóm með því sem við gerum í dag. Það er ekki erfitt að fylgjast með því sem á gengur. Hlutar fundarins eru fluttir í annarri röð, en lítið hefur verið tekið í burtu og fjarlægð frá þessum fyrstu útgáfum.

Bróðir frá átjándu öld sem staddur væri á fundi í dag, myndi helst taka eftir því að frekar hefur verið bætt í, ekki minnst af Karli hertoga. Milli 1750 og 1800 áttu sér stað nokkuð afgerandi breytingar í fundaráherslum og leikrænum áherslum. Vissir hlutir voru tónaðir niður en öðrum gert hærra undir höfði. Auðvelt er að sjá hvernig kristni grundvöllurinn jók mikilvægi sitt í þessum breytingum Karls. Dæmin eru mörg, en erfitt er greina frá þeim hér án þess að uppljóstra of miklu. Nægir að segja að heimsókn í sögustúku la Lumière er upplifun sem flestir með söguáhuga á starfi okkar ættu að reyna að upplifa, hafi þeir á því tók.

Það sem bræður okkar frá átjándu öld myndu sennilega sakna mest frá sínum fundum er drykkjaborðið, en það var mikilvægt á upphafstíma stúkustarfsins. Á samkomunni sjálfri var borinn fram matur og drykkir. Varðveist hefur mynd frá átjándu öld sem sýnir bersýnilega hvernig bræður fá sér hressingu við drykkjarborðið á miðjum fundi. Þessu hefur að sjálf-sögðu fylgt nokkurt ónæði, þannig að auðskilið er hvers vegna þessi síður var síðar lagður af þegar fræðabálkar og fundarsköp voru endurskoðuð.

Uppröðun embættismanna var á örliðið annan hátt en í dag. Upphaflega sátu br. Sm, Rm. og L. bak við stjórnanda stúkunnar, en br. R og Fh. við hlið hans. Þetta vitum við af því að fundist hefur skissa Karls hertoga af uppsetningu fundarins, og er hún í dag varðveitt í Regluhúsi Sænsku Frímúraraeglunnar í Stokkhólmi.

Eftirtektarvert er embættisheiti br. L. í gömlu fundarsköpunum. Það starfsheiti var tekið í notkun í byrjun níttjándu aldar, en áður bar hann heitið „sá hrikalegi“ (den gruvlige), en í fræðabálkum frá 1750 var hann einatt nefndur „sá grimmi“. Þar að auki starfaði á fundunum embættismaður sem bar embættisheitið FM, sem stóð fyrir „förste mästare“ eða fyrsti meistari. Það var sá bróðir sem



Ljósmynd: Lars Billström



Ljósmynd: Lars Billström


Það sem bræður okkar frá átjándu öld myndu sennilega sakna mest frá sínum fundum er drykkjaborðið, en það var mikilvægt á upphafstíma stúkustarfsins.

hafði lengstan starfsaldur í stiginu og þurfti hann ávallt að vera reiðubúinn að sinna skyldum Vm. þegar svo bar við.

Það er ómetanleg lífsreynsla fyrir hvern fróðleiksfúsan frímúrara að upplifa fund í sögustúku. Eins og sjá má á

myndunum sem fylgja þessarri grein frá síðustu sögustúku la Lumière, er um að ræða merkilega leikræna túlkun á sögulegum grundvelli starfs sem við iðkum og þykir vænt um í dag.

Pétur S. Jónsson/Lars Billström



BOSS. BOTTLED. FRAGRANCE FOR MEN
FEATURING RYAN REYNOLDS

BOSS
HUGO BOSS



Björn Ó. Björgvinsson, stólmeistari Helgafells, ávarpar bræðurna.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

80 ára afmæli St. Andr.st. Helgafells

Þann 14. júlí 2014 varð St. Andr.st. Helgafell 80 ára. Undirbúningur að afmælinu hófst með skipun afmælisnefndar á lokafundi vorið 2013. Í afmælisnefndinni voru: Friðmar M. Friðmarsson Vm., Steinn G. Ólafsson, fyrrv. Stm. og Paul Bjarne Hansen, fyrrv. vRm. Afmælisnefndin tók strax til starfa, m.a. með því að safna efni í 80 ára sögu stúkunnar. Leitað var fanga í skjala- og ljósmyndasafni Reglunnar, en ekki hefur fyrr verið tekin saman saga stúkunnar svo vitað sé. Þá var einnig hafist handa við öflun tilboða í prentun 200 til 300 eintaka af sögunni, sem ætluð var sem borðgjöf til þeirra, sem sæktu afmælisfund stúkunnar í nóvember 2014. Ljóst var þá, að hér

var um talsverða peningaupphæð að ræða, og eftir viðræður við Regluféhirði var ljóst að þann kostnað yrði stúkan að bera sjálf. Hann stakk hins vegar upp á því að farið yrði í söfnun meðal Helgafellsbræðra, sem eru á milli 1.400 og 1.500. Var það gert og hófst söfnunin í apríl 2014. Strax kom í ljós, að Helgafellsbræður láta ekki sitt eftir liggja og gekk söfnunin það vel að saga Helgafells í 80 ár kom út í nóvember 2014 og allir, sem komu á afmælisfundinn, fengu bókina að gjöf. Bókin er nú til sölu hjá féhirðum stúkunnar. Auk afmælisnefndar komu fjölmargir bræður að útgáfu bókarnnar.

Við innsetningu mína í embætti Stm. Helgafells þann 29. febrúar 2012

sagði ég m.a.: „Ég hef nú um nokkurt skeið haft áhuga fyrir því að tekin yrði saman saga stúkunnar og í raun tel ég það brýnt verkefni, því að með hverjum bróður, sem til austursins hverfur, tapast hluti af sögunni. Ég tel að meðal verkefna okkar næstu árin, verði að safna saman þeim upplýsingum um starf stúkunnar, sem enn er hægt að bjarga frá glötun.“ Þetta áhugamál mitt hefur nú orðið að veruleika og þakka ég þeim bræðrum sem komu að söfnun gagna og annarri vinnu við skráningu þeirra fyrir gott verk.

Á fjárhagsstúkufundi haustið 2013 kom söngstjóri stúkunnar að máli við mig og spurði hvort ekki væri hægt að



Stofnendur Helgafells.

Ljósmynd: Ljósmyndasafn Frímúrarareglunnar

kaupa nýtt hljóðfæri fyrir St. Andr. stúkurnar í tilefni af afmæli Helgafells. Mér leist vel á þessa hugmynd og eftir að hafa borið þetta undir stólmeistara hinna St. Andr.stúknanna var sótt um leyfi til að safna fé til kaupa á nýju hljóðfæri. Leyfið fékkst, og við vorum í þann mund að fara að safna fé meðal embættismanna og hollvina Helgafells, þegar boð bárust frá Tónastöðinni við Skipholt, að eigendur verslunarinnar hefðu ákveðið að gefa það til minningar um föður sinn, Helga Berg Andrésson, sem var frímúrari. Hætt var því við söfnunina og hljóðfærið tekið í notkun á lokafundi Helgafells vorið 2014.

Strax á fyrsta ári Helgafells var ákveðið að hátíðisdagur stúkunnar yrði 30. nóvember ár hvert, eða á degi Heilags Andrésar, en þann dag var einnig fyrsta St. Andr.stúkan í okkar reglukerfi stofnuð árið 1756 í Stokk-hólmi. Því var ákveðið að sækja um leyfi til að halda 80 ára afmælisfund Helgafells sunnudaginn 30. nóvember 2014. Fundurinn var haldinn í hátíðarsal Reglunnar sem var breytt í samræmi við IV/V° fund á St. Andr.stigi. Undirbúningur gekk vel, enda höfðu nokkrir af emættismönnum stúkunnar einnig undirbúið afmælisfund á 70 og 75 ára afmælis stúkunnar.

Á fundinum rakti Steinn G. Ólafsson sögu stúkunnar í 80 ár, Leifur Franzson Rm. hélt hátíðarræðu og Frímúrarakórinn söng undir stjórn söngstjóra stúkunnar, Jóns Ólafs Sigurðsonar. M.a. frumflutti kórinn lagið „Við mætum ljósi á leyndum vegum“. Lagið er eftir söngstjórnann, Jón Ólaf Sigurðsson, en ljóðið eftir Karl Kristensen, fyrrv. Rm. stúkunnar. Eftirtöldum bræðrum voru veitt heiðursmerki Helgafells á fundinum: Allan V.



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Útgáfa bókar um sögu Helgafells var glæsileg og vakti ánægju bræðrana á afmælisfundinum.

Magnússyni HSMR, Kristjáni Þórðarsyni, IVR og fyrrv. Vm., Sigurði Erni Einarssyni, fyrrv. SMR og Baldri Friðrikssyni, fyrrv. Vm. Auk þess var Guðlaugi Hjörleifssyni, fyrrv. Stm. Helgafells, veitt heiðursmerki stúkunnar í tilefni afmælisins.

Á afmælisfundinn mættu um 230 bræður.

Í veislustúkunni flutti br. Ingolf Jóns Petersen Minni Reglunnar og nokkrir Helgafellsbræður frumfluttu lagið „Til Helgafellsbræðra“. Lagið er eftir Sigurð Hafsteinsson, vS. Helgafells og ljóðið eftir Lárus Sólberg Guðjónsson, fyrrv. Rm. Helgafells.

Í einlægni og kærleik þakka ég öllum bræðrum sem tóku þátt í undirbúningi afmælisfundarins.

Í lokin læt ég fylgja hluta af ávarpi Guðmundar Hagalín Guðmundssonar, Stm. Heklu, sem hann flutti í veislustúkunni. Hann situr þar að tali við Helgafell:

Guðmundur spyr:

Helgafell ertu gamalt og grátt guggið og hrukkótt í framan. Eða bara kornungt og kátt sem kætist og flest þykir gaman.

Helgafell svarar:

Stórt nú spyrðu vinurinn spurðu ekki aftur. Af ykkur markast aldur minn atgervi og kraftur

Geymdu í huga heitin bróðir hjá mér vigta loforð þungt. Þannig geng ég drengir góðir gæfusamt og ætið ungt.

*Björn Ó. Björgvinsson
Stm. Helgafells*

Frá Skjalasafni

Halldór Baldursson, Skv. R.

Húsin sem ekki risu – og húsið sem var keypt

Frímúrarastarf á Íslandi er talið hefjast þegar Bræðrafélagið Edda var stofnað 1913. Fyrstu árin fór starfið fram heima hjá Ludvig E. Kaaber á Hverfisgötu 28, en síðan var frímúrarastarf í Reykjavík frá 1916 til 1951 í Austurstræti 16, Nathan & Olsen húsinu.

Frá 1951 hefur frímúrarastarf í Reykjavík farið fram í húsinu við Borgartún 4 og síðar einnig í viðbyggingunni sem stendur við Bríetartún, en taldist áður til Skúlagötu.

Áform voru snemma uppi um húsbyggingar á nokkrum öðrum stöðum, en af ýmsum ástæðum varð ekki af

þeim byggingum. Að lokum var keypt verksmiðjuhús við Borgartún 4 og byggt við það hús svo húsnæðið uppfyllti skilyrði til að stofna mætti sjálfstæða Frímúrarareglu á Íslandi.


Hér verða sýndar nokkrar teikningar úr Skjalasafni Reglunnar af húsum sem til greina kom að reisa fyrir frímúrarastarf í Reykjavík. Ætlunin er að sýna bræðrum dæmi um hvað hefði getað orðið, ekki að gera tæmandi úttekt á hinum ýmsu fyrri hugmyndum um húsnæði fyrir frímúrarastarf í Reykjavík.

Öldugata – Bárugata – Garðastræti


Frímúrarareglan hafði eignast lóð við Garðastræti milli Öldugötu og Bárugötu.

Br. Guðjón Samúelsson (1887–1950) var arkitekt og húsameistari ríkisins frá 1920. Hann teiknaði að því er

virðist tvö frímúrarahús á þessa lóð, en ekki varð af byggingaframkvæmdum, ef til vill vegna þess að á þessu svæði átti að verða íbúðahverfi.




Guðjón Samúelsson 1923: Frímúrararahús við Garðastræti.



Br. Sigurður Guðmundsson, arkitekt, 1930: Frímúrarahús við Garðastræti.

Fríkirkjuvegur – Skothúsvegur - Laufásvegur

Frímúrarareglan keypti lóð við Fríkirkjuveg, sunnan við íbúðarhús Thors Jensen. Lóðin lá að Skothúsvegi og náði frá Laufásvegi að Fríkirkjuvegi.



Sigurður Guðmundsson okt. 1936: Frímúrarahús við Fríkirkjuveg.

Árið 1937 var efnt til hönnunarsamkeppni um frímúrarahús við Fríkirkjuveg. Tillögur br. Gunnlaugs Halldórs-sonar arkitekts fengu fyrstu og önnur verðlaun. Þriðju verðlaun voru ekki veitt. Teikningar Gunnlaugs eru ekki merktar með nafni, heldur „Nutid“ og „Fremtid“, vænt-

anlega til að gæta nafnleyndar þar til dómnefnd hefði komist að niðurstöðu. Teikningarnar merktar „Fremtid“ sýna talsvert stærra hús en þær sem merktar eru „Nutid“. Erfiðlega gekk að fá byggingarleyfi fyrir húsinu og fljótlega jukust erfiðleikar enn vegna heimsstyrjaldar.

Hagatorg

Frímúrarareglan hafði selt þrjár byggingarlóðir af lóð sinni við Fríkirkjuveg. Með öðrum takmörkunum á byggingarreit sýndist óraunhæft að byggja frímúrarahús við Fríkirkjuveg. Fallið var frá hugmyndum um að byggja þar og lóðin seld.

Árið 1947 var fengin leigulóð fyrir frímúrarahús austan við Hagatorg, þar sem Hótel Saga stendur nú. Fyrsta „skóflustunga“ var tekin 29. mars 1947 með þeirri aðferð að boruð var hola, dýnamíti hlaðið þar í og sprengt.

Gjaldeyrisskortur var á Íslandi. Fjárhagsráð ríkisins hafði vald til að stöðva allar húsbyggingar og aðrar framkvæmdir. Fjárhagsráðið var óvinsælt og fékk uppnefnið Fjáransráð. Ráðið synjaði um leyfi til að byggja frímúrarahúsið við Hagatorg.

Borgartún 4

Haustið 1948 festi Reglan kaup á húsi Efnagerðarinnar Stjórnunnar við Borgartún 4. Stj. Meistari, Sveinn Björnsson, tók 12. nóvember 1948 fyrstu skóflustunguna að viðbyggingu þar sem nú eru fundarsalir Jóhannesar- og Andrésarstúknanna.




Ljósmynd: Vigfús Sigurgeirsson

Táknræn skóflustunga við Hagatorg 29. mars 1947. Fagmenn aðstoða frímúrarara við loftborinn (skotholuborinn).



Ljósmynd: Vigfús Sigurgeirsson

Sveinn Björnsson stjórnar vélgröfu við fyrstu skóflustungu 12. nóvember 1948.



Efnagerðin Stjarnan, Borgartúni 4. Teikning frá 1942. Fimm-ydda stjarnan uppi undir þaki er merki efnagerðarinnar.

Lokaorð

Mönnum finnst oft ómeðvitað að hlutirnir hafi hlotið að verða eins og þeir urðu. Án þess að fara langt út í „hvað ef - sögu“ (alternate history) var engan veginn sjálfsagt að húsakynni Reglunnar í Reykjavík yrðu á núverandi stað. Vel hefði getað farið svo að bræðurnir kæmu nú á fundi til dæmis við Fríkirkjuveg eða Hagatorg.

Heimildir:

Teikningar og önnur skjöl í skjalasafni Reglunnar Jón Birgir Jónsson, R&K, fyrrv. HSM: Sjálfstæðisbarátta íslenskra frímúrarara. Rannsóknareriindi nr. 8 í Rannsóknarstúkunni Snorra, flutt 13. október 2012.

Arkitektatal. Ritstjóri Haraldur Helgason. Reykjavík 1997.

Upplýsingar frá Péttri H. Ármannssyni arkitekt.



Bragi V. Bergmann:

RÚN til heilla

Musterið hér margir reistu,
margan vanda bræður leystu,
bræðrakeðju trausta treystu
er tóku höndum saman.

RÚN er okkar Regla í verki,
RÚN er samnefningarinn sterki.
Hömpum stoltir hennar merki
– hér er alltaf gaman!

Hugsun nú er brýnt að breyta,
bræður, því skal ekki neita,
er sannleika og ljóss skal leita
og lífsins visku safna.

Miðlar RÚN af reynslu sinni
réttu leið svo bræður finni:
Samhuginn sem hér er inni.
Hann mun áfram dafna.

Traust sem fyrr og stolt hún stendur
stúkan okkar. Fúsar hendur
þarf svo nemi nýjar lendur
og nýjum kröftum safni.
Henni þurfum lið að leggja,
ljúft að það er hagur beggja.
Vinum innan hennar veggja
vel, svo áfram dafni.

Höfuðsmiðinn hæsta biðjum
hér að leysa kraft úr viðjum.
Dugum betur, starfið styðjum:
Stúkan áfram dafni!
Berum RÚN í hug og hjarta,
hennar dyggðum megum skarta.
RÚN við búum framtíð bjarta,
bræður, í Herrans nafni.



Ljósmynd: Páll A. Pálsson

Höfundurinn, Bragi V. Bergmann, flutti ljóðið, stúku sinni til heilla, á 80 ára afmælishátíð St. Jóhannesarstúkunnar Rúnar á Akureyri árið 2012. Bragi var formaður afmælisnefndar stúkunnar vegna 80 ára afmælisins og er ritari Rúnar.

Listaverk í eigu Frímúrarareglunnar á Íslandi

Sveinn Sigurjón Sigurðsson, ritstjóri

Á ganginum að Jóhannesarsalnum er að þessu sinni staðnæmst fyrir framan málverk, sem er á suman hátt ólíkt þeim sem áður hefur verið fjallað um. Hér er vikið frá hinni nákvæmu skráningu á andlitsdráttum en fremur leitast við að lýsa raunveruleikanum sem býr að baki útitinu. Málverkið er sýn listamannsins Sigurðar Sigurðssonar, (1909-1996) á persónuna Svein Sigurðsson ritstjóra. Þess má geta hér að annar listamaður hefur einnig gert viðfangsefninu skil, en það er Einar Jónsson myndhöggvari, og er brjóstmynd hans af Sveini einnig öllum bræðrum aðgengileg, í stigaganginum upp að bræðrastofu.

Sveinn var fæddur að Þórarinsstöðum við Seyðisfjörð, 8. desember 1890. Foreldrar hans voru Sigurður Jónsson, hreppstjóri að Þórarinsstöðum og kona hans, Þórunn Sigurðardóttir frá Dölum í Mjóafirði, mikilhæf merkishjón, annáluð fyrir rausn, góðsemi og höfðingsskap. Þórarinsstaðir, æskuheimili Sveins, var sérstakt myndar- og menningarheimili og þar var meðal annars óvenjugóður bókakostur, sem sjálfsagt hefur vak- ið náms- og fróðleikslöngun í brjosti æskufólks, sem ólst þar upp.

Eftir gagnfræðapróf frá Akureyri 1911 settist Sveinn í Menntaskólann í Reykjavík og lauk stúdentsprófi þaðan vorið 1914. Haustið eftir innritaðist hann í læknadeild Háskólans en söðlaði um árið eftir og hóf nám í Guðfræðideild Háskólans og lauk embættisprófi í guðfræði veturinn 1918. Mun hugur hans snemma hafa hneigst að andlegum og heimspeki- legum fræðum, eins og greinilega kom fram í ritstörfum hans síðar á ævinni. Á skólaárum sínum í Reykjavík var hann um skeið þingskrifari, eins og margir háskólastúdentar um þetta leyti, og taldi hann sig hafa fengið þar mikilsverða æfingu í ritleikni og stílvöndun. Að loknu embættisprófi sigldi hann til Englands og dvaldi veturinn 1919-1920 í London við framhaldsnám í guðfræði og sálarfræði. Á námsárum sínum þótti Sveinn góður tungumálamaður og í þessari náms- dvöl sinni í Bretlandi aflaði hann sér



Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

aukinnar kunnáttu og leikni í enskri tungu. Kom það greinilega í ljós síðar við þýðingar hans á þungum ritgerðum um heimspeki, dulfræði og sálar- rannsóknir, sem hann þýddi úr ensku.

Eftir heimkomuna frá Bretlandi starfaði Sveinn um þriggja ára skeið sem skrifstofustjóri hjá borgarstjórn- anum í Reykjavík. Árið 1923 keypti hann tímaritið Eimreiðina og rit- stýrði henni til ársins 1955, er Félag íslenskra rithöfunda og nokkrir félag- ar þess festu kaup á ritinu. Eimreið- in hóf göngu sína í Kaupmannahöfn árið 1895 og voru fyrstu 23 árgang- arnir samfleytt gefnir út þar. Þann tíma allan var Valtýr Guðmundsson, norrænufræðingur, háskólakennari í Kaupmannahöfn og alþingismaður, ritstjóri hennar. Tildrögin að stofn-

un Eimreiðarinnar munu fyrst og fremst hafa verið þau að ýmsum yngri menntamönnum fannst þau íslensk tímarit, sem þá komu út, helst til einhliða og lítt við alþýðu hæfi. Þeir töldu mikla nauðsyn á að fá rit með meiri víðsýni, sem ekki bindi sig við ákveðinn flokk mála eins og stjórn- mál og fornritarannsóknir heldur sinn- ti meira nýrri bókmenntum. Í umróti fyrri heimsstyrjaldarinnar og örðug- leikum sem af henni leiddu t.d. í póst- flutningum varð ókleift að halda ritinu úti frá Kaupmannahöfn. Það varð að ráði að Ársæll Árnason bóksali tæki ritið í sínar hendur og gæfi það út í Reykjavík. Hann varð einn eigandi ritsins og útgefandi en réði til sín Magnús Jónsson, þá dósent við guð- fræðideild Háskólans, sem ritstjóra.

Báðir voru þeir frímúrararbræður og komu hvor á sinn hátt umtalsvert við sögu Frímúrarareglunnar.

Í höndum Sveins varð Eimreiðin afar vinsælt og víðlesíð tímarit, enda tók hún til meðferðar ýms framfara- og menningarmál sem á dagskrá voru með þjóðinni hverju sinni. Þar birtust einnig jöfnum höndum ljóð og smásögur eftir íslensk skáld og þýðingar á sögum og ritgerðum eftir fræga erlenda höfunda, allt á fágúðu og vönduðu máli í þýðingu ritstjórans. Enda var Sveinn ávallt einkar vandvirkur og kröfuharður um efnisval. Í Eimreiðinni birtust meðal annars einhver fyrstu kvæði ýmissa hinna yngri góðskálda, þar á meðal Davíðs Stefánssonar, Jóns Magnússonar, Jóhannesar úr Kötlu og Guðmundar Böðvarssonar, svo nokkrir séu til nefndir. Eimreiðin átti því merkan þátt í að kynna þessu ungu skáld og greiða kveðskap þeirra veg að hjarta þjóðarinnar. Fastur þáttur í tímaritinu hét „Ritsjá“ og var umfjöllun og gagnrýni á margar þær bækur sem komu út á þessum árum. Þennan þátt annaðist Sveinn að miklu leyti og sýnir hann vel hversu ritstjórinn var vel að sér og smekkvís um bókmenntir, hvort sem var um bundið eða óbundið mál að ræða, innlendar bækur eða erlendar. Þá flutti Eimreiðin einnig erindi og hugvekjur um andleg mál, bæði um trúarleg og siðferðileg efni. Auk tímaritsgeina sinna þýddi Sveinn bækur um sálræn og dulfræðileg efni. Voru Sveini þessi viðfangsefni sérstaklega hugstæð enda voru þau í samræmi við lífsskoðanir hans og áhugamál.

Í hugleiðingum sínum um tilgang ritsins og hvað vaki fyrir því segir Sveinn: „Hún (Eimreiðin) vill sýna lesendum eins og í skuggsjá það besta, sem fram kemur á sem flestum sviðum, og njóta til aðstoðar góðra manna, að sú mynd verði sem fullkomnust. En jafnframt mun hún öðru hvoru víkja að ýmsum þeim málum, sem efst eru á baugi með þjóðinni, eins og þau horfa við frá hennar eigin bæjar- dyrum séð. Hún mun þó ekki gerast málsvari neins sérstaks stjórnmálaflokks, fremur en verið hefur. Játningahöft stjórnmálaflokkanna geta verið varhugaverð eins og játningahöft kirkjunnar að því leyti, að hvortveggju hættir við að draga úr víðsýni og skapa tregðu. Flokksþrælar eru of margir á sviði stjórnmála eins og á sviði trúmála. Öll flokkaskipting er



Brjóstmynd Einarssonar myndhöggvara af Sveini blasir við gestum sem fara upp stigann upp að bræðrastofunni.

óholl, ef hún nær að drottna yfir skynsemi manna og hugsanafrelsi. Hún er þjónn, en ekki herra. Og ef Eimreiðin skiptir sér nokkuð af henni, mun það gert í því einu augnamiði að nota það besta sem flokkarnir hafa að bjóða, í þágu þeirra hugsjóna, sem Eimreiðin telur æðstar og vill berjast fyrir. Flest samtök innan þjóðfélagsins eru hafin með einhverja endurbótahugsjón fyrir augum. Flestir þrá framtíðarlandið, „þar sannleikur ríkir og jöfnuður býr.“ Eimreiðin hóf göngu sína fyrir þrjátíu árum með fyrirheiti um um þetta land, frá einu ágætasta skáldinu, sem íslenska þjóðin hefur átt. Það fyrirheit var besta vöggugjöfin, sem Eimreiðin hafði að sýna þjóð sinni – og er það enn.“ Hér er ritstjórinn að vísa í upphaf fyrsta tölublaðs Eimreiðarinnar, sem var ljóðið „Brautin“ eftir Þorstein Erlingsson og segir um það: „Kvæðið sýndi stefnu Eimreiðarinnar, líkt og *Ísland farsælda frón* var stefnukvæði Fjölnis, sýndi, að það sem fyrir stofnendum vakti, var framsókn bæði í efnalegu og andlegu lífi þjóðarinnar.“

Miklar kröfur hafa verið gerðar til efnis og efnistaka tímaritsins frá upphafi. Auk ritstjóranna hafa færustu fræðimenn landsins veitt liðsinni sitt til að gera ritið að einstökum vísu- og upplýsingarbrunni. Nöfn höfunda efnis eins og Sigurður Nordal, Alexander Jóhannesson, Guðmundur Finn-

bogason, Jón Þorláksson, Haraldur Nielsson, Einar Ólafur Sveinsson og Vilhjálmur Stefánsson, svo örfá séu nefnd, lýsa gæðum ritsins. Fullyrði ég að margt af efni þess eigi jafnmikið erindi til lesenda í dag eins og á dögum þjóðfrelsisbaráttunnar.

Árið 1920 kvæntist Sveinn Steinunni Arndísi Jóhannesdóttur, mikilhæfri og merkri konu, sem reyndist honum hinn traustasti lífsförunautur og sannur vinur alla ævi. Á yngri árum vöktu þau Sveinn og Steinunn sérstaka athygli sakir glæsímennsku og tigginnar framkomu. Þeim hjónum varð 5 barna auðið.

Sveinn Sigurðsson gekk í Frímúrarastúkuna Eddu árið 1922. Hann gegndi ýmsum embættum innan Reglunnar og hlaut tign R&K 21. júlí 1951. Sveinn var IVR frá 1963 til 1969.

Þorsteinn Jóhannesson prófastur ritaði eftirmæli um Svein og segir þar m.a.:

„Eins og áður er getið var Sveinn glæsímenni í sjón, vörpulegur og virðulegur í fasi. Framkoma hans öll vitnaði um trúðmennsku, stillingu og skapfestu. Hann var ákveðinn í skoðunum og heill og sannur í orði og athöfn. Slík er mynd hans í hugum vina hans og samferðamanna. Um langt skeið starfaði hann í Frímúrarareglunni hér í Reykjavík. Rækti hann þau félagsstörf af kostgæfni og árvekni eins og allt sem honum var hugleikið og hafði með höndum. Frá æskuárum var Sveinn einlægur og ákveðinn trúmaður, sem hvorki efaðist um handleiðslu Guðs né að handan jarðneskrar tilveru vorrar biði vor nýtt vaxtar-skeið í bjartri og þroskari kri veröld. Slík trú er ljós og leiðarstjarna á vegum vorum. Hún er þess valdandi að þrátt fyrir skugga og skýjabólstra lífsins eygjum vér ávallt árroða æðra lífs og bjarta friðarhöfn fyrir stafni. Eg efast ekki um það að hinn látni vinur vor hafi við umbreytingu sína borist mót eilífri árdagsbirtu þar sem dular rúnir ráðast og æðstu vonir vorar verða að veruleika.“

Sveinn Sigurðsson ritstjóri lést 26. mars 1972.

Ólafur G. Sigurðsson



Göfugur skyldi maður hver

**Stórskáldið Johann Wolfgang von
Goethe í orði og á borði**

Þór Jónsson tók saman

Allir vita að Goethe var eitt mesta skáld sem til hefur verið. Margir vita að hann var frímúrari. Hann er með öðrum orðum eitt af stórmönnum sögunnar sem verið hafa í Reglunni. Um það verður ekki deilt. En engin mynd fær dýpt án skugga.

Frímúrarar „eru hvorki betri né verri en aðrir þjóðfélagsþegar og líta ekki á sig sem slíka en markmiðið með veru sinni í Reglunni telja þeir vera að reyna að verða betri þjóðfélagsþegar til hagsbóta fyrir sjálfa sig, fjölskyldu sína og þjóðfélagið í heild,“ segir Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi á heimasíðu hennar.

Af því leiðir að félagar í Frímúrarareglunni ættu að jafnaði að vera betri menn en væru þeir ekki félagar.

Fyrir Frímúrarann hef ég til gagns og gamans þýtt, endursagt og þrjónað við frásagnir úr systrablöðum um ýmsa merkismenn úr sögunni sem verið hafa frímúrarar. Ævihlaup þeirra hefur ekki beinlínis verið lagt við mælistiku dyggðanna í hvert sinn, hefur miklu fremur verið sagt frá helstu viðburðum í lífi þeirra, og rak mig í rogastans þegar ég tók eftir því að umfjöllun Frímúrarans¹ í Svíþjóð um skáldjöfurinn Goethe (1749–1832) hafði reist andmæli einmitt þess vegna.

Hjálpfýsi og hjartagæska

Andmælin ritaði sænskur bróðir og fræðimaður að nafni Folke Freund, dósent í þýsku, í vefritið Kadenz.² Grein hans styðst við grúa heimilda, m.a. úr bókasafni Frímúrarareglunnar í Stokkhólmi, og er mæðarlaus lýsing á Goethe sem frímúrarar. Ég hef tekið mér það bessaleyfi að grípa upp kafla og kafla úr greininni sem mér finnst geta átt erindi og vakið til umhugsunar. Goethe sjálfur er nógu stór til að þola að horft sé á hann úr fleiri áttum en einni og jafnvel frá þröngu sjónarhorni eins og hér.

Freund gerir þegar í upphafi atugasemdir við staðhæfingar um að Goethe hafi jafnan breytt í samræmi við eigin boðskap sinn og verið einn mesti andi mannúðar og frímúrarastarfs. Goethe orðaði það svo: „Edel sei der Mensch“, eða göfugur skyldi maður hver, hjálpfús og hjartagóður,



Regluheimilið
í Weimar
1808–1848.

því að það skilur hann frá skepnunum. Hins vegar segir Freund að rit Sigridar Damms „Christiane [sambýliskona Goethes og síðar eiginkona] und Goethe, Eine Recherche“ vekir efasemdir um sannfæringu stórskáldsins og samvisku. Goethe hafi látið konu sína afskiptalaus, þegar hún lá banaleguna, ein og yfirgefin, og lét heldur ekki sjá sig við jarðarförina, því að hann flúði dauðann. Þá hafi hann verið í oddastöðu til að fá mildaðan dauðadóm yfir ungrri konu, Önnu Catharinu Höhn, sem myrt hafði nýfætt barn sitt, en staðfesti þvert á móti dóminn með atkvæði sínu. Það var árið 1783, þremur árum eftir inngöngu hans í Frímúrararegluna. Freund segir að lífi hinnar ógæfusömu konu hefði verið þyrmt ef innstæða væri fyrir hástemmdum yfirlýsingum um mannkosti Goethes.

Goethe ekki virkur í starfi

Í síðasta tölublaði Frímúrarans var frásögn um sænska söngvaskáldið Bellman [leiðréttist hér með að Karl hertogi, sem þar greinir frá, var SmR] en Bellman var samtímamaður Goethes. Má af henni ráða að ytri aðstæður og staða gátu ráðið því hverjir sæktu um upptöku í Regluna, a.m.k. samhlíða þránni um að taka innri mann sinn til kostanna. Tónskáldin Haydn (1732–1809) Mozart (1756–1791), Meyerbeer (1791–1864), Lortzing (1801–1851) og Liszt (1811–1886) voru frímúrarar, heimspekingarnir Herder (1744–1803) og Fichte (1762–1814) og rithöfundarnir Lessing (1729–1781) og Wieland (1733–1813) – þó ekki Schiller (1759–1805), einkavinur Goethes. Freund segir að með hliðsjón af traustum heimildum megji draga í efa að Goethe hafi stundað frímúrarar-

starfið af ástríðu og vitnar í samantekt eftir Lennhoff/Posner frá 4. áratug síðustu aldar máli sínu til stuðnings: „Í seinni tíð hefur sú spurning fyrst vaknað hvort Goethe hafi verið „góður frímúrarari“. Viðverulistar St. Jóhannesarstúkunnar „Amalíu“ [í Weimar] styðja það ekki. Goethe var vissulega ekki virkur frímúrarari. Til þess hafði hann ekki tíma [var embættismaður og skáld].“

Hvernig stendur þá á því að Obermann, SmR Grosse Landesloge, telji Goethe „sannfærðan frímúrarar“ með tilliti til meira en hálftrar aldar veru hans í Reglunni allt fram í andlátíð? Freund telur bersýnilega að menn fái glýju í augun af stórafrekum Goethes á einu sviði og yfirfæri þau á annað.

Síðakerfi í kreppu

Árið 1764 leitaði Goethe, þá 15 ára skólasveinn í Frankfurt/Main, upp-töku í leynilega reglu, „Arkadische Gesellschaft Philandria“, en var hafn- að þar sem líferni unglingsins þótti vera of taumlaust. Átta árum síðar gekk hann ungur lögfræðingur í heim-speki- og dulhyggjureglu („Rittergesellschaft“) í Wetzlar (Hessen), sem ekki hafði nein tengsl við Frímúrararegluna. Hinn 7. nóvember 1775 kom hann svo til Weimar (í Þýringalandi, í hjarta Þýskalands), 26 ára að aldri, einkum til að gegna trúnaðarstörfum fyrir Karl August hertoga, en þar bjó hann það sem eftir lifði ævinnar, ef frá eru taldar nokkrar ferðir hans, m.a. til Ítalíu.

Árið 1780 sótti Goethe um inn-göngu í Jóhannesarstúkuna „Amalia zu den drei Rosen“, sem var nefnd eftir hertogaynjunni Önnu Amalíu, móður hertogans, og eftirsótt af hirð-

¹Sten Svansson, Goethe som frímúrarar, Frímúrararinn 1/2000, s. 24.

²Folke Freund, Goethe som frímúrarar, Kadenz, 3/2000.



Johann Wolfgang von Goethe (28. ágúst 1749 – 22. mars 1832) var þýskur rithöfundur, ljóðskáld, dramatúrg, vísindamaður og heimspekingur sem skrifaði meðal annars leikritið Fást, skáldsöguna Raunir Werthers unga og Zur Farbenlehre um litafraedi. Hann

tilheyrði þýsku forrómantísku bókmenntahreyfingunni Sturm und Drang. Ein virtasta menningarstofnun heims, Goethe-Institut, heitir eftir honum en hún hefur það hlutverk að breiða þýska menningu út um heimsbyggðina. (Úr Wikipediu).

mönnum. Þegar hér er komið sögu hafði Goethe enn ekki fengið aðalstign né heldur stöðu sem óumdeildur höfuðsnillingur þýskra bókmennta í huga almennings og var látinn bíða upptöku sinnar í meira en fjóra mánuði. Amalíu-stúkan starfaði eftir frönsku kerfi sem byggðist á skilyrðislausri, blindri hlýðni. Félagar hennar töldu sig hafa tekið við keflinu af musterisriddurum miðalda. Lennhoff/Posner lýsa starfi þessa siðakerfis sem „sorglegum kafla“ í sögu frímúrara og Goethe líkti því við „grímuball“ - enda varð það ekki langlíft. Þó hafði það áhrif á sænska kerfið sem við þekkjum.

Á tveggja ára bili hlaut Goethe frömun til meistara áður en dyr musterisins lokuðust vegna hinnar hugmyndafræðilegu kreppu og starfið lagðist með öllu af. Ásamt með hertoganum gekk hann þá til liðs við bræðralagið Illuminati í nokkur ár. Ritstörf Goethes þessi ár þykja endurspeglar tortryggni gagnvart frímúrarastarfi. Í gamanleiknum „Der Groß-Kophta“ (egyptskur galdramaður) er fólk afvegaleitt með táknfræði og helgisíðum.

„... þurfum ekki á því að halda ...“

Goethe lagðist gegn því að frímúrarastúka yrði stofnuð í háskólabænum Jena árið 1807, þegar hertoginn bar umsókn þar um undir hann. Goethe skrifaði í umsögn sína: „Ég neita því ekki að frímúrarastarf í stórum borgum hafi haft og hafi góð áhrif á ómenntaðan múginn. Einnig í minni bæjum, s.s. Rudolstadt, er þess háttar starfsemi gagnleg til félagslegrar

samveru. Hér í Weimar þurfum við eiginlega ekki á því að halda og hvað Jena áhrærir tel ég þessi samtök (...) vera hættuleg.“

Freund getur þess, til að gæta allrar sanngirni, að neikvæð afstaða Goethes kunni að hafa stafað af ótta hans sem ráðherra í ráðuneyti hertogans við undirólgu meðal jakóbínskra námsmanna og smit af róttækni byltingarsinna í Frakklandi.

Þegar dyrum Amalíu var lokið upp á ný voru liðin 26 ár frá því að stúkan lognaðist út af. Árið 1808 var ákveðið að hefja starfsemi á nýjan leik en eingöngu á Jóhannesarstígnum og samkvæmt ensku kerfi. Goethe hætti við að mæta á stofnfundinn á síðustu stundu. Hann kaus frekar að vera í Jena þegar hann frétti að hertogafrúin myndi sækja söfn þar í bæ sama dag. Goethe var ávallt trúr þjónn herra sinna.

Goethe breiddi út ljósið

Fundarsókn Goethes var stopul, sem fyrr segir. Hann var þó viðstaddur upptöku hins 76 ára vinar síns Wielands í apríl 1809 og hélt langt minningarávarp um hann genginn fjórum árum síðar. Árið 1812 sótti Goethe um að vera óvirkur bróðir, þar sem hann taldi sér ekki kleift að taka reglulega þátt í stúkustarfinu. Hann var meðmælandi sonar síns Augusts (1789–1830) árið 1815, sem átti síðar eftir að verða siðameistari í Amalíu, en mun ekki hafa sótt fleiri fundi eftir það. Goethe átti þá 17 ár eftir ólífud.

Árið 1830 voru 50 ár liðin frá því að Goethe gekk í Regluna. Hann var

lasinn og illa fyrir kallaður þegar hópur bræðra vildi afhenda honum skjal með útnefningu hans til heiðursfélaga í stúkunni. Hann veitti bræðrunum ekki móttöku en þakkaði fyrir sig með ljóðinu „Dem würdigen Bruderfeste“, sem var lesið upp á hátíðarfundi í stúkunni.

Goethe andaðist 22. mars 1832. Við minningarathöfn um hann sagði von Müller, varameistari stúkunnar, í ræðu að Goethe hefði leitað ljóssins og haft þörf fyrir að breiða það út til annarra, „því ljósi sem honum hafði verið svo ríkulega gefið“. Hann hefði ekki látið sitt eftir liggja, þegar mikið lá á, m.a. lesið yfir og samþykkt öll mikilvægustu ávörpin á stórhátíðum.

Goðsögnin stórlega ýkt

Goethe stundaði vissulega stúkustarfið með hangandi hendi. Hann var umfram allt frímúrari til að bæta samfélagsstöðu sína og sem stjórnmálamaður varaðist hann hvaðeina sem gat talist eldfimt í pólitískum skilningi. Framan af varð hin konunglega íþrótt honum nokkurt yrkisefni auk þess sem hann fylgdist almennt vel með straumum og stefnum í stúkunum, en í umrótinu í kjölfarið á frönsku byltingunni gerðist hann tortrygginn í garð leynilegra félaga, hvort heldur var stúdenta eða frímúrara, og gerði gys að þeim. Þegar Amalía tók til starfa á ný 1808 var hann hins vegar mættur, líklegast fremur af skyldurækni við hertogann en Regluna. Bréf, ræður og ljóð Goethes, sem snerta frímúrara og Frímúrararegluna, eru næsta fátækleg í samanburði við allan kveðskapinn, sem bókstaflega streymdi frá honum, og benda ekki til sérstaks áhuga hans á siðathöfnum frímúrara. Hann lagði mest upp úr samverunni og almennum siðaboðskap. Hann tók hvorki þátt í umræðum um endurbætur á Reglunni né fræðastörfum. Goðsögnin um hinn virka og sannfærða frímúrara Johann Wolfgang von Goethe er því að mati Freunds stórlega ýkt.

Minnkar Goethe við það? Varla. Sannleikurinn um frímúrarastarf hans, þótt annar virðist en oftast er haldið á lofti, breytir engu um þann virðingarsess sem hann skipar. Lennhoff/Posner álíta að þrátt fyrir allt sé Goethe mestur þýskra manna sem skartað hafa tignarbúnaði frímúrara.



TRANS ATLANTIC

KOSTA RÍKA September 2015 PARADÍS FYRIR LIFANDI FÓLK



Ferð fyrir brosandí og lifandi fólk sem vill upplifa ævintýri í ótrúlegu umhverfi! Kosta Ríka er frægt fyrir gríðar fallega náttúru og fjölbreytt dýralíf. Ferðaskrifstofan hefur nú hannað í samvinnu við heimamenn sérstaka ferð sem samanstendur af upplifun af náttúru landsins og dýralífi þess. Auk þess munum við kynna fólkinu sjálfu sem landið byggir. Ferðin er ætluð brosandí og lifandi fólk sem vill upplifa ævintýri í ótrúlegu umhverfi. **Lifandi fólk - Ótrúlegt Ævintýri.**

3 LANDA SÝN Október 2015 MEXÍKÓ - GUATEMALA - BELIZE



Ferðaskrifstofan býður nú upp á alveg einstaka Ævintýraferð til þriggja landa sem veitir þér einstaka innsýn inn í hinn forna menningarheim Maya indíána sem var gríðarlega mikil menningarþjóð. Við kynnumst stórkostlegri náttúru og fjölbreyttu dýralífi, ferðumst inn á töfrandi regnskógasvæði, kynnumst Maya indíánum og skoðum gamlar menningarborgir þeirra. Syndum í kristaltærum sjónum við næst stærsta kóralrif heims, innan um fiska í öllum regnbogans litum og hverfum aftur í tíma og rúmi. **Ævintýraferð sem ekki má missa af!**



SRI LANKA

TÖFRANDI EYJA Nóvember 2015

Hrifandi náttúra, einstök menning og fjölbreytt dýralíf sem eiga varla sinn líkan, ævintýrleg upplifun í einstöku umhverfi. Við kynnumst framandi og heillandi heimi sem tekur á móti ferðalöngum með opnum örmum. **Töfrandi Staður.**



ICELANDAIR



Kynntu þér nánar ferðir okkar á www.transatlantic.is eða í síma 5888900



Ljósmynd: Bjarni Ómar

Frá bræðrafundi um stefnumótun Frímúrarareglunnar.

Tillögur stefnumótunarnefndar í farvegi:

Farið af stað með vand- virkni og fyrirhyggju

Mikill áhugi er meðal bræðra á vinnu stefnumótunarnefndar Reglunnar en hún hefur áður verið kynnt á þessum vettvangi. Tillögur, upplýsingar og ýmis gögn stefnumótunarnefndar og vinnuhópa tengdum henni voru kynnt á opnum bræðrafundi í janúar sl. en tillögurnar hafa jafnframt verið kynntar og ræddar á tveimur lögnum fundum í Æðsta Ráði sem fram fóru í janúar og febrúar. Að síðari fundinum loknum voru valin verkefni sem ráðist verður í á þessu ári sem og því næsta. Var ákveðið að í ársbyrjun 2017 verði fundað að nýju, farið yfir árangur og vinnu og að því loknu valin fleiri verkefni til vinnslu.

Segja má að verkefnin sem valin voru fyrir þetta ár, 2015, og næsta ár, 2016, sé rúmur helmingur allra tillagna. Ákveðið var jafnframt á fundunum hvaða embætt-

ismenn og hvaða ráð taki hvert verkefni að sér. Um þessar mundir er verið að undirbúa skipan vinnuhópa, ritun erindsbréfa og fleira í þeim dúr til að koma undirbúningi, umræðum og úrvinnslu verkefnanna af stað.

Á Regluhátíð í janúar sl. fjallaði SMR ítarlega um þessi verkefni og framkomnar tillögur og lýsti mikilli ánægju með árangur þessa viðamikla starfs. Hann færði bræðrum miklar og innilegar þakkir fyrir þátttöku þeirra áhuga og framlag. Gera má ráð fyrir að ráðin séu að hefja umræður um þessar mundir og að sérstakir vinnuhópar taki væntanlega til starfa nú á næstu mánuðum.

Það þarf auðvitað fyrst að ljúka ýmsum undirbúningi og tryggja að vel verði af stað farið með vandvirkni, umhugsun og fyrirhyggju.



Ljósmynd: Kristján Maack

Stm. Glitnis, Þorsteinn G. A. Guðnason, og Sigurður Örn Einarsson, fyrrv. SMR og fyrrv. Stm. Glitnis, lyfta glösum á afmælisfundinum.

St. Jóh.stúkan Glitnir 40 ára

Þann 11. janúar 1975 var frímúrararstúkan Glitnir stofnuð með viðhöfn en nokkru áður hafði þáverandi Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, Ásgeir Magnússon, falið Árna Gestssyni að stofna stúku sem síðar fékk nafnið Glitnir. Óhætt er að segja að Árni hafi leyst þetta verkefni vel en að stofnun stúkunnar komu auk hans 35 bræður og þá aðallega úr St. Jóh.st. Eddu.

Allar götur frá stofnun stúkunnar Glitnis hefur verið lögð mikil áhersla á vandvirkni í störfum og embættisfærslum. Þar lagði Árni Gestsson línurnar, hann var kraftmikill, kröfuharður og nákvæmur í öllu sem hann tók sér fyrir hendur. Glitnir á honum mikið að þakka fyrir góða byrjun og þeim stólmeisturum sem á eftir komu er viðhéldu og styrktu enn frekar starfið í Glitni. Þeir sem komu á eftir Árna sem stólmeistarar voru: Guðmundur Sveinsson, Sigurður Örn Einarsson, síðar Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, Baldur Sveinsson, Sigurður Kr. Sigurðsson, Jóhann Heiðar Jóhannsson og Kristján Jóhannsson. Allir þessir stólmeistarar hafa lagt

sitt af mörkum, byggt upp og mótað stúkuna hver með sínum hætti og gert það að verkum að mikill fjölbreytileiki er í öllu starfi Glitnis í dag, hvort sem er innan stúkunnar eða utan.

Tónlistin hefur ætíð verið í öndvegi í starfi Glitnis og innan raða stúkunnar finnast miklir tónlistarmenn, skáld og hagröðingar sem lagt hafa fram mikið og gott starf. Nú á 40 ára afmælisár-



Glitnisbræður 1975.

Ljósmynd: Vigfús Sigurgeirsson



Ljósmynd: Kristján Maack

Kristján Jóhannsson, Jóhann Heiðar Jóhannsson, Þorsteinn G. A. Guðnason, Stm. Glitnis, Valur Valsson, SMR, Sigurður Örn Einarsson, fyrrv. SMR og Sigurður Kr. Sigurðsson, ÁMR. Þeir Kristján, Jóhann, Sigurður Örn og Sigurður Kr. eru allir fyrrv. Stm. Glitnis.

inu var ákveðið að setja hluta þessara verðmæta á geisladisk. Verkið er unnið undir forystu Jónasar Þóris Þórissonar og stefnan er að ljúka því á afmælisárinu.

Auk tónlistar hefur margt annað einkennt starf Glitnis á liðnum árum og þar má helst nefna ýmsar samverustundir í Regluheimilinu með systrunum, veiðiferðir, gönguferðir, heimsóknir í fyrirtæki, golf og á tveggja ára fresti, frá árinu 2000, hafa fjölmennir hópar Glitnisbræðra og systra farið saman til hinna ýmsu borga erlendis. Þá hefur það án efa styrkt stúkuna að starfandi er öflugur hópur systra sem kallar sig Perlurnar og eru makar Glitnisbræðra. Þær hittast reglulega og megintilgangurinn er að kynna, styrkja vinaböndin og eiga saman góðar stundir.

Sú venja hefur skapast hjá Glitni að fara til messu sem næst afmælisdeginum og er þá farið að jöfnu í Nes-kirkju og Grafarvogskirkju. Þetta árið vildi svo ánægjulega til að afmælisdaginn 11. janúar bar upp á sunnudag. Af þessu tilefni var ákveðið að halda fjölskyldumessu með aðkomu Glitnis-



Ljósmynd: Kristján Maack

Gjöf Glitnis til fyrrverandi stólmeistara stúkunnar.

bræðra í flestöllum störfum sem unnin voru í messunni. Að henni lokinni var boðið upp á afmæliscaffi sem bræður og systur úr Glitni sáu um með miklum glæsibrag. Að endingu voru haldnir tónleikar í kirkjunni, með fjöl-

breyttri tónlist og söng þar sem fram komu frábærir listamenn, ungir sem aldnir. Stúkunni Glitni var mikill sómi sýndur á þessum degi enda mættu tæplega 400 manns á þennan viðburð í Grafarvogskirkju.



Ljósmynd: Rúnar Hreinsson

Sigurður Kr. Sigurðsson, fyrirv. Stm. Glitnis, ávarpar gesti í Grafarvogskirkju.

Það var síðan 14. janúar sem afmælisfundurinn var haldinn. Þar komu til fundar 280 bræður ásamt Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi, Vali Valssyni. Í anda Glitnis var tónlistin höfð í hávegum auk þess sem fjórum fyrirverandi stólmeisturum var afhent steinlistaverk eftir leiðtoga stúkunnar, Þór Sigmundsson. Þá var Jónasi Þóri afhent gjöf frá Glitni fyrir hans mikla og góða starf á liðnum árum. Sex Glitnisbræðrum var veitt heiðursmerki fyrir framlag þeirra til stúkunnar. Þá var stúkunni sjálfri færð vegleg gjöf frá núverandi og fyrirverandi embættismönnum. Í veislustúkunni fengu bræður síðan að gjöf ritið „Safn til sögu stúkunnar III“ en þar má finna mikinn fróðleik um starf stúkunnar á síðustu 10 árum.

Það er ljóst að sá trausti grunnur sem lagður var í upphafi og viðhaldið hefur verið æ síðan, hefur skilað Glitni vel fram á þessum 40 árum, þá umfram allt með sterkri og góðri heild bræðra sem eru samhentir í þeirri viðleitni að vinna stúkunni vel og tileinka sér allt það sem Frímúrarareglan hefur upp á að bjóða.

Þorsteinn G. A. Guðnason



Ljósmynd: Rúnar Hreinsson

Hluti af Glitnisbræðrum sem tók þátt í messuni.



Ljósmynd: Rúnar Hreinsson

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir og Kristján Jóhannsson syngja við undirleik Jónasar Þóris.



Hluti af veitingum sem boðið var upp á í tilefni af 40 ára afmælinu.



Stefnumótunarnefnd ásamt Vali Valssyni, SMR.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

Regluhátíð 2015

Viðburðaríkt starfsár Frímúrarareglunnar

Laugardaginn 17. janúar 2015 var haldin árleg Regluhátíð Frímúrarareglunnar á Íslandi, í Regluheimilinu við Skúlagötu. Eins og áður var Regluhátíðin afar vel sótt af bræðrum, sem komu hvaðanæfa að. Af þeim 422 sem sátu hana voru 9 erlendir gestir, þar af 5 SMR frá 5 löndum. Að venju fór athöfnin fram bæði í Hátíðarsal og Jóhannesarsal. Notuð var nýjasta tækni við sýningu í Jóhannesarsal og tókst hún að mati viðstaddra sérlega vel.

SMR, Valur Valsson, setti fundinn og stjórnaði honum. Örn Bárður Jónsson, ÆKR, flutti erindi.

Í ávarpi sínu sagði SMR að nýliðið ár hefði verið viðburðaríkt. Stofnaðar hefðu verið tvær nýjar stúkur þegar

St. Andrésar fræðslustúkunnni Hörpu á Ísafirði og St. Jóhannesar fræðslustúkunnni Hlé í Vestmannaeyjum var breytt í fullkomna St. Andrésarstúku og St. Jóhannesarstúku. Í nóvember hafi elsta St. Andrésarstúka á landinu, Helgafell, fagnað 80 ára afmæli sínu, með glæsilegum afmælisfundi.

Stóri viðburðurinn í Frímúrarareglunni á liðnu ári hafi án efa verið hið viðamikla stefnumótunarstarf sem ráðist var í. Í lok janúar 2014 hafi hann ákveðið að setja það verkefni af stað. Sérstök stefnumótunarnefnd var skipuð, verkefnið skilgreint og markmiði lýst. Markmið stefnumótunarinnar sé, meðal annars, að tryggja vöxt Reglunnar og viðgang og þeirra markmiða

sem hún stendur fyrir. Horfa skuli til aldarafmælis frímúrarastarfs á Íslandi árið 2019 og til fyrstu áratugar nýrrar aldar íslensks frímúrarastarfs. Skemmst sé frá að segja að undir styrkri stjórn Stefnumótunarnefndarinnar hafi verið unnið að miklum krafti allt síðastliðið ár og hafi nefndin skilað skýrslu sinni um miðjan desember síðastliðinn. Fjölmargir vinnuhópar hafi verið myndaðir til að fjalla um tiltekin efnissvið, afla upplýsinga og safna reynslu, ábendingum og sjónarmiðum. Alls hafi 283 bræður tekið virkan þátt í stefnumótunarstarfinu og hafi þeir dreifst á öll stig og allar stúkur Reglunnar. SMR þakkaði öllum þessum stóra hópi fyrir mikla

vinnu og frábært framlag og heiðraði nefndarmenn Stefnumótunarnefndarinnar með gjöf, sem er bókin Hertig Carl och det svenska frimureriet, árituð af SMR allra Norðurlandanna. Stefnumótunarnefndina skipa Jón Sigurðsson, formaður, Eiríkur Finnur Greipsson, ritari, Guðmundur Kr. Tómasson, Gunnar Þórólfsson og Kristján Jóhannsson.

SMR veitti erlendum gesti, SMR eistnesku Stórstúkunnar, Anti Oidsalu, heiðursfélaganafnbót Frímúrarareglunnar á Íslandi. Einnig sæmði SMR fjóra bræður tákni fyrrverandi stólmeistara; Hákonu Birgi Sigurjónssyni, fyrrv. Stm. St. Andr.st. Hlínar, Kristjáni Jóhannssyni, fyrrv. Stm. St. Jóh.st Glitnis, Guðmundi Eiríkssyni, fyrrv. Stm. St. Jóh.st. Röðuls, og Péttri Birni Péturssyni, fyrrv. Stm.St. Jóh.st. Njarðar.



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Sr. Örn Bárður Jónsson, ÆKR, Karl Jens Holmen, Noregi og Jón Sigurðsson, DSM.

Ólafur G. Sigurðsson



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Anti Oidsalu, SMR eistnesku Stórstúkunnar, ásamt Vali Valssyni, SMR.



Snertilausar greiðslur í posum

Valitor býður hraðvirka og örugga posa sem gerir söluaðilum kleift að taka við **snertilausum greiðslum**.

Söluaðilar eiga þess kost að fá uppfærslu á posabúnað sinn og geta þá boðið viðskiptavinum sínum að greiða með síma eða **snertilausu korti** auk hefðbundinna greiðsluleiða.

Þú sérð um **söluna** – við sjáum um **greiðsluna**

VALITOR



Stofnfélagar Hugins.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

Stofnun Andrésarstúkunnar Hugins á Suðvesturlandi

Í febrúar 2014 bauð SMR Má Sveinbjörnssyni að leiða stofnun nýrrar Andrésarstúku og verða fyrsti stólmeistari hennar. Megintilgangurinn með stofnun stúkunnar var að dreifa álaginu á fleiri stúkur og létta þannig álaginu af stúkunum sem fyrir voru. Stúkuna skyldi stofna með bræðrum úr St. Jóh.stúkunum í kringum Reykjavík; Hamri, Akri, Síndra, Röðli, Nirði og Hlé, eftir að hún hefði verið fullgilt í nóvember 2014, og ákveðið var að stúkan skyldi starfa á fimmtudögum.

Undirbúningur hófst í seinnihluta febrúar 2014 og var að mörgu að huga, eins og ætíð þegar ný stúka er stofnuð. Strax var haft samband við stólmeistara St. Jóh.stúknanna sex til að fá tilnefningar um embættismenn stúkunnar, þar á meðal aðalembættismenn, sem yrðu stofnendur. Gekk það nokkuð vel og var stofnendahópurinn fullskipaður vorið 2014.

Eftir vangaveltur og samræður við ýmsa bræður var nafnið, umdæmið og kjörorðið ákveðið:



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Valur Valsson, SMR, ásamt Má Sveinbjörnssyni, Stm. Hugins.



Ljósmynd: Jón Svavarsson

„St. Andr. st. Huginn“ – „OR.: Suðvesturland“ – „Leitum“.

Nafnið er sótt í hlutverk Hugins og Munins, hrafna Óðins. OR.: er starfsvæði áðurnefndra St. Jóh. stúkna. og kjörorðið er eðlilegt framhald nafnsins. Hvort tveggja vísar til starfsins á St. Andr. stígum.

Stofndagur var ákveðinn 31. janúar 2015, og svaramenn stúkunnar voru skipaðir Jóhannes Harry Einarsson X°, br. m. HMR. og Björn Ó. Björgvinsson, X°, Stm. St. Andr. st. Helgafells. Embættismenn urðu á endanum 42, en markmiðið var að hafa 46 embættismenn til að manna öll embætti þreföld.

Stofnendur stúkunnar voru þeir Már Sveinbjörnsson, Karl Hólm Gunnlaugsson, Guðlaugur Sæmundsson, Sævar Örn Arason, Grétar Björn Sigurðsson, Þorsteinn Ómar Gunnarsson, Gísli Rúnar Gíslason, Brynjar Svansson, Þórður Þorsteinsson, Þórður Oddsson, Ari Guðmundsson, Einar Gunnarsson og Ársæll Guðmundsson. Auk þeirra voru 92 stofnfélagar, þannig að samtals 105 bræður stofnuðu St. Andr. st. Hugin.

Útvega þurfti ýmsa muni og búnað til starfsins. Nokkrir bræður voru ötulir við að smíða og kaupa muni, sem þeir svo gáfu stúkunni. Eins reyndust St. Jóh.stúkurnar og St. Andr.stúkurnar haukar í horni og gáfu stúkunni miklar og verðmætar gjafir til starfsins.

Hönnun skjaldarmerkis stúkunnar tók smá tíma og varð á endanum einfalt og táknrænt fyrir þetta reglustig. Aðalhönnuður var Guðlaugur Sigurðsson og naut hann aðstoðar, eða afskipta undirritaðs og Skd.R. Skd.R. sá um að láta steypa skildi stúkunnar

og málaði síðan skjaldarmerkið á þá.

Söngstjóri stúkunnar Einar Gunnarsson samdi stúkulag fyrir stúkuna, en br. Jónas Þórir bjó það til flutnings og frumflutti við stofnun stúkunnar. Einnig samdi Einar sönglag við ljóð Karls Kristensen.

Æfingar fyrir starfið í stúkunni hófust strax í starfsbyrjun haustið 2014 og stóðu til 22. janúar 2015. Seint í janúar hófust æfingar fyrir stofnfundinn.

Stofnfundurinn var haldinn á I° í hátíðarsal Regluheimilisins við Skúlagötu og hófst kl. 13:00 laugardaginn 31. janúar 2015. Fundurinn var á



Huginn

Visku og þroska vér leitum hvern dag
 Vísar oss lýsandi ljós, Hugins lag
 Bræður leitum
 Bræður byggjum
 Bræður reisum
 Musteri meistarans byggja oss ber
 Musteri lýsandi ljóss erum vér
 Treystum á keðjuna, tak hönd í hönd
 Tengja og knýta oss fast bræðrabönd
 Vísar oss lýsandi ljós, Hugins lag.

Karl istenken.

FLORIDA 2105

ER KOMIÐ Í HÚS



Trans - Atlantic

REUNION RESORT

HAMMOCK BEACH RESORT

ORANGE COUNTY NATIONAL

INNESBROOK
RESORT

VERÐ FRÁ KR .269.900,-

kynntu þér nánar á www.transatlantic.is

eða í síma **5888900**


ICELANDAIR





Stofnendur St. Andrésarstúkunnar Hugins.

Ljósmynd: Jón Svavarsson



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Fjölmenni var við bróðurmáltíð að stofnfundi loknum.



Ljósmynd: Jón Svavarsson

vegum Landsstúkunnar og stjórnaði SMR Valur Valsson fundinum, með aðstoð stórembættismanna Landsstúkunnar. Eftir vígslu stúkunnar og embættismanna tóku embættismenn

Hugins við stjórnun fundarins. 208 bræður sóttu fundinn og lauk honum um kl. 17:00.

Í fundarlok voru teknar ljósmyndir af stofnfélögum, embættismönnum,

SMR og R&K.

Eftir stofnun stúkunnar hófst stúkustarfið strax fimmtudaginn 5. febrúar 2015.

Hönnun fyrir lífið



reddot design award
winner 2013



best
brands
the ultimate
brand ranking

Best Brand 2013

Miele Besta vöumerkið í Þýskalandi 2015

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Ljósmynd: Jón Svavarsson



Már Sveinbjörnsson.

Nýr stólmeistari St. Andr.st. Hugins á Suðvesturlandi

Þann 31. janúar síðastliðinn var Már Sveinbjörnsson vígður Stm. St. Andr.st. Hugins, en SMR Valur Valsson, fól honum að undirbúa stofnun nýrrar St. Andr.stúku í febrúar 2014 og að verða fyrsti stólmeistari hennar.

Már fæddist í Hafnarfirði 27. október 1947. Foreldrar hans voru Jóhanna Hall Kristjánsdóttir, verslunararmaður frá Ísafirði og Sveinbjörn Enoksson, bifreiðastjóri frá Hafnarfirði. Þau eru bæði látin.

Már lauk sveinsprófi í vélvirkjun frá Vélsmiðjunni Kletti í Hafnarfirði 1968, 4. stigs vélstjórnprófi frá Vél-skóla Íslands 1971 og rekstrartækni-fræði frá Tækniskóla Íslands og Aalborg Teknikum 1975.

Már starfaði sem rekstrarráðgjafi hjá Rekstrartækni frá 1975 til 1991, þjónustustjóri hjá Globus 1991 til 1994 og framkvæmdastjóri og síðar hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar og starfar þar enn.

Már gekk í St. Jóh.st. Hamar 16. febrúar 1988, starfaði sem v.Sm. 1990 til 1992, v.Y.Stv. 1993 til 1999, Fh. 1999 til 2004 og Stm. 2004 til 2010.

Már er kvæntur Hugrúnu Halldórsdóttur frá Broddadalsá í Kollafirði í Strandasýslu og eiga þau þrjú börn og fimm barnabörn.

Ljósmynd: Páll A. Pálsson



Árni Gunnar Kristjánsson.

Nýr stólmeistari St. Andr.st. Huldar á Akureyri

Árni Gunnar Kristjánsson var settur í embætti stólmeistara St. Andr.stúkunnar Huldar 8. apríl 2013 af SMR Vali Valssyni.

Árni fæddist á Akureyri 23. nóvember 1961, sonur hjónanna Kristjáns Árnasonar og Önnu Lillýjar Daníelsdóttur. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1982 og útskrifaðist sem byggingatækni-fræðingur frá Tækniskóla Íslands 1986. Starfsvettvangurinn hefur verið í hönnun á mannvirkjum, aðallega í hönnun burðarvirkis og lagna í byggingum og starfar Árni nú á verkfræðistofunni Eflu þar sem hann er hlut-hafi.

Árni gekk í St. Jóh.st. Rún 1992 og var þar í embættum v.Sm. og v.E.Stv. frá 1995-2001. Í Huld gegndi hann embætti v.E.Stv. frá 2001 til 2003 þegar hann tók við sem E.Stv. og gegndi því til 2010. Þá var hann v.Y.Stv. 2010-2011 og Vm. frá 2011-2013.

Árni er kvæntur Agnesi H. Skúladóttur, lífeindafræðingi á Sjúkrahúsinu á Akureyri og eiga þau þrjú börn og tvö barnabörn.

Ljósmynd: Bjarni Ómar



Guðmundur Steingrímsson.

Nýr stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Eddu í Reykjavík

Þann 17. febrúar sl. fór fram stólmeistarakjör í St. Jóh.stúkunnar Eddu í Reykjavík. Kjörinn var br. Guðmundur Steingrímsson og var hann settur inn í embættið af SMR, Vali Valssyni, þann 3. mars sl.

Guðmundur er fæddur 7. ágúst 1952 í Reykjavík og voru foreldrar hans Sigurbjörg Þórðardóttir og Steingrímur Þorkelsson. Guðmundur lauk almennu kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1972 og stúdentsprófi frá sama skóla ári síðar. Síðar meir sótti hann sér menntun í kerfisfræði og forritun ásamt gæðastjórnun.

1974 flutti hann austur á Hérað og var hann við kennslu í Egilsstaðaskóla um árabíl en síðar tæknimaður hjá svæðisútvarpi RÚV á Egilsstöðum. Leiðin lá síðan aftur til Reykjavíkur 1999 og hóf hann þá fljótlega störf sem rekstrarstjóri á Rannsóknasviði Orkustofnunar sem síðar varð að Íslenskum orkurannsóknnum (ÍSÖR) og starfar hann þar enn.

Guðmundur gekk í St. Jóh.stúkuna Eddu 1993 og starfaði í fræðslustúkunnar Vöku á Egilsstöðum sem v.R og a.Sv. Í Eddu hefur hann gegnt embættum v.Sm, L og a.M.

Guðmundur var kvæntur Ingi-björgu Rósu Þórðardóttur en hún er látin. Hann á þrjú börn og sjö barnabörn.

Önundur Ásgeirsson – minning

Fallinn er frá í hárra elli í Reykjavík kær bróðir okkar Önundur Ásgeirsson R&K.

Önundur var fæddur að Sólbakka við Flateyri í Önundarfirði 14. ágúst 1920. Foreldrar hans voru Ásgeir Torfason, skipstjóri og verksmiðjustjóri á Sólbakka og kona hans, Ragnheiður Eiríksdóttir.

Önundur kvæntist 1946 Evu Ragnarsdóttur og eignuðust þau fjögur börn: Grétu f. 1948, Ásgeir 1950, Ragnar 1952 og Pál Torfa 1955.

Önundur lauk stúdentsprófi frá MA 1940, prófi í viðskiptafræði 1944 og prófi í lögfræði 1947. Að loknu námi hóf hann störf hjá Olúverslun Íslands hf. sem fulltrúi forstjórans, Héðins Valdimarssonar. Framkvæmdastjóri varð hann þar 1960 og tók við sem forstjóri 1966 og gegndi því starfi til 1981.

Önundur gekk í St. Jóh.st. Eddu 8. apríl 1952. Hann var einn af stofnendum St. Jóh.st Gimlis 1957 og ritari stúkunnar til 1963. Hann varð Vm. Gimlis 1966 og Stm. 1967. Hann varð R&K árið 1997 og jafnframt Yf..Stú.



M. Stórstúkunnar og síðar St.Stú.M. Landsstúkunnar til 1989.

Öll störf sín fyrir Regluna rækti hann af stakri eljusemi og áhuga.

Önundur var gæddur miklum og góðum gáfum og var í raun fræði-

maður á mörgum sviðum. Hann var talnaspekingur og kabbalafræðingur og vel versaður í fræðum Einars Páls-sonar heitins. Hann var og vel lesinn og fjölfróður.

Ragnar sonur hans varð síðar Stm. Gimlis og er það frekar fátítt að feðgar stjórnir sömu stúkunnar með nokkurra ára millibili.

Sá sem þetta ritar var náfrændi Önundar en hann og faðir minn heitinn voru systkinabörn. Ég var svo heppinn að fá að starfa með Önundi og jafnframt undir hans stjórn hér í Reglunni í allmörg ár og minnst þessa tíma með ánægju.

Útför Önundar var gerð frá Fossvogskirkju 12. febrúar síðastliðinn að viðstöddu fjölmenni og báru frímúraravinir hans og samstarfsmenn í Reglunni kistuna úr kirkju.

Að lokinni þessari vegferð Önundar þakkar Frímúrarareglan á Íslandi bróður Önundi samfylgdina og sendir frá Evu og fjölskyldu þeirra innilegar samúðarkveðjur.

Pétur K. Esrason YAR



Grand

RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá Grand Hótel Reykjavík leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkornustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www.grand.is / radstefnur@grand.is


Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK

Bent Sch. Thorsteinsson – minning

F. 12. janúar 1922
D. 7. janúar 2015

Með örfáum fátæklegum orðum vil ég minnst míns ágæta vinar og bróður, Bents Sch. Thorsteinsson, sem lést þann 7. janúar sl., þá tæplega 93 ára. Kynni okkar innan Frímúrarareglunnar á Íslandi hófust þegar ég var skipaður í stjórn Styrktarsjóðs Bents Sch. Thorsteinsson árið 2002 ásamt heiðursmanninum Jóhanni Ágústssyni, þáverandi ÁMR, auk stofnanda sjóðsins, Bents Sch. Thorsteinsson. Sjóð þennan stofnaði Bent Sch. með eigin framlagi að fjárhæð kr. 8.100.000.- sem hann síðar jók um kr. 1.000.000.- Tilgangur sjóðsins var og er að styrkja bágstadda bræður eða sjúka, eiginkonur þeirra eða sambúðarkonur og börn. Sjóðurinn er í dag ca. 15.0 millj. og frá stofnun hans hafa verið veittar kr. 3.0 millj.

Í gegnum setu mína í stjórn sjóðsins kynntist ég manningnum Bent Sch. Thorsteinsson. Jafn stór og mikill sem þessi maður var fann ég fljótt að hann átti stórt hjarta, sem sló fyrir lítilmagnann. Þegar fjallað var um sóknir til sjóðsins, einkum þar sem lítil börn áttu í hlut, komst þessi stóri



maður oft á tíðum við. Hann vildi ætíð ganga lengra en reglur sjóðsins heimiluðu við úthlutun. Ég kynntist líka annarri hlið á Bent þegar fundarstörfum lauk; þeirri hlið er vék að uppvaxtarárum hans í Danmörku og fyrstu árum hans eftir heimkomuna til Íslands. Ýmislegt frá þeim tíma mótaði þennan mann, sem eðlilegt er; gerði hann kannski eilítið hrjúfan og

beinskeyttan í orðum og athöfnum. Bent Sch. var ekki allra, enda reyndi hann alls ekki að vera það. Hann var mjög nákvæmur og stóð fast á sínu og lét sjaldan undan í þeim efnum. Væru honum hins vegar færð rök sem gengu gegn skoðunum hans þá var hann ætíð tilbúinn að skoða þau og meta.

Bent Sch. Thorsteinsson var maður lánsamur í einkalífi sínu en hann átti að lífsförunauti, Margaret Scheving Thorsteinsson, sem reyndist honum hin mætasta kona og mikil hjálparhella, einkum hin síðari ár í veikindum hans.

Nú að leiðarlokum rifja ég upp með mér það sem ég tel mig hafa lært af þessum ágæta manni, réttssýni og nákvæmni í orðum og gjörðum og ríka réttlætiskennnd, allt dyggðir sem sérhverjum okkar væri hollt að temja sér. Ég kveð Bent og óska honum velfarnaðar á þeim leiðum sem hann hefur nú lagt út á og bið Alföður að leiða hann og vernda.

Bent Sch. Thorsteinsson gekk í St. Jóh. st. Eddu 1961, hann hlaut X. stig 1989 og Heiðursmerki Reglunnar á Regluháttíð 2004.

Þorsteinn Eggertsson, St.R.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is



STOFNUÐ 1996



Sverrir
Einarsson

Kristín
Ingólfssdóttir

Hinrik
Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



ÚTFARARSTOFA
HAFNARFJARÐAR
STOFNUÐ 1996



Ljósmynd: Sigurður Júlíusson

Árbækur norrænu rannsóknastúknanna

Acta Masonica Scandinavica er árbók rannsóknastúknanna í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og á Íslandi og hefur nú komið út í 17 ár. Fyrst voru það eingöngu stúkurnar í Danmörku og Svíþjóð, Forskningslogen Friedrich Münter og Forskningslogen Carl Friedrich Eckleff, sem lögðu til efni í bækurnar en þær voru báðar stofnaðar árið 1997. Norska stúkan, Forskningslogen Niels Treschow, var síðan stofnuð árið 2003 og loks Rannsóknastúkan Snorri árið 2010. Gerðust þær þá einnig aðilar að þessu samstarfi. Finnar hafa sína rannsóknastúku en hafa ekki enn tekið þátt í þessu samstarfi. Ritstjórn skipa Nils G. Bartholdy frá

Danmörku og Stólmeistarar sænsku, norsku og íslensku stúknanna þriggja en ritstjóri hefur frá upphafi verið Nils G. Bartholdy.

Í árbókina er valið opið efni frá hverri stúku til birtingar, þ.e.a.s. efni sem ætlað er öllum frímúrarabræðrum. AMS nr. 17 kom út nú í janúar og var dreift til allra Snorrabræðra. Þetta er veglegt rit og vandað, 352 bls. og er þarna samankominn margvíslegur fróðleikur sem skrifaður er út frá sjónarhóli þeirra sem aðhyllast Sænska kerfið og er þetta eina útgáfan af þessu tagi sem um er að ræða í veröldinni.

Til að gefa hugmynd um efnisval

má skoða síðustu árbók. Efnisröðunin er ávallt eftir aldri stúknanna þannig að fyrst kemur danska framlagið, þá það sænska, o.s.frv. AMS nr. 17 hefst á grein um *Jóhannes skírara, Jóhannesarriddarana og Jóhannes í frímúrarasamhengi*. Segir fyrst af Jóhannesi skírara sem verndara St. Jóh. stiganna í sænska kerfinu, þá af honum sem verndara Jóhannesarriddarana á miðöldum og loks af mikilvægi hans í þróun nútíma frímúrarastarfs. Næst er grein um *Suðurljóttann Hjalmar Schacht – frímúrarann sem varð ráðherra Hitlers*. Í greininni er fjallað um frímúrarann Schacht sem gegndi því mótsagnarkennda hlutverki að vera



Skjaldarmerki norrænu rannsóknastúknanna.

bæði frímúrari og ráðherra í ríkisstjórn Hitlers frá 1934-1944 og einn helsti fjármála- og viðskiptaráðgjafi hans. Það er sérstakt við þessa grein að hún er rituð af Vm. norsku rannsóknastúkunnar.

Sænska framlagið er 4 greinar; Fyrst *Bréf Carls hertoga til Carls Adolf Boheman: Sænska kerfið um 1800 – opið eða siðrænt kerfi?* Hér veltir höfundur því fyrir sér hvort Carl hertogi hafi viljað skapa opið frímúrarakerfi eða deildaskipt með sérstökum helgum innri kjarna fyrir þá andlega hæfu. Þá *Sviagríser Ordens loge Den Silfverhårige Grisen*. Höfundur þessarar greinar fjallar um kafla úr bókinni *Uno von Trassenberg*, útg. 1809-10, þar sem deilt var á innihaldslaugar „seremóníur“, snobb aðalsins og undirgefni klerka. Þriðja greinin er *Förbannelse över lögnaren och baktalaren – han vållar många fredliga människors undergång*. Hér rannsakar höfundur hverju rógur og illmælgí geta valdið þeim sem slíkt beinist að, hverjir verði helst fyrir slíku og loks hvernig slíkt atferli geti snúist í höndum gerenda. Loks er fjórða sænska innleggjð (kemur ekki fram í efnisyfirliti) *Frimurarexlibris*, en þar er fjallað um nokkur eldri

bókamerki þekkra frímúrara og frímúrarabókasafna.

Framlag Norðmanna eru tvær greinar. Sú fyrri, *Antifrimureri II*, fjallar um Norðmanninn Mikal Sylten, sem var fjandsamlegur bæði frímúrum og gyðingum, gaf út andfrímúrerískt tímarit með swastíkuna sem tákn. Seinni greinin fjallar um *Frimureriske højgrader – myter og fakta*. Höfundur leitast við að rekja þróun hágráðanna í frímúreríinu frá miðri 18. öld og kemst að því að það er ekki einfalt.

Íslenska framlagið er grein Árna Gunnarssonar, Vm. R.st. Snorra, *I søgen efter det gode liv - Frimurerens dyder og pligter i historisk kontekst*. Í grein sinni leitast br. Árni við að rekja uppruna frímúraradyggðanna og kemst að því að þær má rekja til grísku heimspekinganna Sókratesar, Platons og Aristótelesar og að skyldurnar eru undir áhrifum frá heimspekingnum Immanuel Kant.

Greinarnar í Acta Masonica Scandinavica eru ritaðar á móðurmáli við-

komandi höfundar nema þær íslensku, sem við höfum þýtt á dönsku, til að gera mestum fjölda lesendanna til hæfis. En allar greinarnar í heftunum eru með útdrætti á öðru tungumáli, oftast ensku, þannig að bræður fá nokkra úrlausn ef þeir leggja ekki til atlögu við móðurmál höfundar. Öll íslensk erindi eru að sjálfsögðu aðgengileg á íslensku á bókasöfnum frímúrara.

Efni árbókanna er mjög fjölbreytt eins og að framan má sjá og mjög til þess fallið að vikka sjóndeildarhring bræðra. En mikilvægast er tvímælaust fyrir íslenska bræður að komast á þennan hátt inn í strauma rannsókna og ritunar hjá bræðrum okkar innan Sænska kerfisins. Það markaði því mikil tímamót fyrir íslenska bræður þegar aðgangur að Acta Masonica Scandinavica opnaðist. Heimur Sænska kerfisins er ekki stór á heimsvísu. Þeim mun mikilvægara er að við stöndum saman, skiptumst á skoðunum og fylgjumst með því sem bræður okkar á hinum Norðurlöndunum eru að gera og hugsa. Bræður í Rst. Snorra hafa fengið árbækurnar frá því samstarfið hófst og eru þær innifaldar í árgjaldi stúkunnar.

Haukur Björnsson

Heyrnartæki sniðin að þínum þörfum



HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

**Minningarkort
bræðranefndar fást
á www.fmr.is**

Hjá Úlfari

**Er fiskur
of góður fyrir þig?**

Fagmennska í fyrirrúmi

*Góð
þjónusta
í 60 ár*

Háaleitisbraut 58-60 + Sími 553 1380
www.bjorg.is

Munir frá Minjasafni

Æ, hver ósköp eru þetta!

Saga af axlarborða V° frá Hamborg

Sumir hlutir láta ekki mikið yfir sér og grípa ekki athyglina. Þangað til maður kynnist sögu þeirra - þá grípa þeir alla athyglina og sleppa ekki takinu! Þannig er með Braunsborðann á Minjasafni Reglunnar. Þetta er sýningargripur númer 52 og er til sýnis undir gleri ásamt fjölda annarra gripa.

Litur hans er ögn sérkennilegur, gæti ef til vill verið upplitaður VI° borði, stjarnan sem fest er við hann er fimm arma, sem veur strax athygli, við eigum því ekki að venjast, heldur að við VI° borðann sé fest sexarma stjarna. (Raunar var borðinn V° borði í Þýskalandi, en sú gráða samsvaraði VI° hér).

Forvitinn gestur safnsins gluggar þá í sýningarskrá þá, sem geymir frásögn br. Sveins Kaaber um gripina. Og þá er eins og þessi yfirlætislaus axlarborði öðlist líf og heill heimur gríðarmikillar örlagasögu opnast. Enn frekar þegar bætt er við frásögn br. Helga P. Briem sem fylgir með í heftinu.

Br. Sveinn Kaaber segir frá því að þessi borði sé gjöf frá br. Richard Braun sem var í bræðrafélaginu Eddu 1914. Br. Braun var þýskur kaupmaður og starfaði um tíma hér á landi. Á árum fyrri heimstyrjaldarinnar fór hann til Þýskalands, en kom síðar hingað aftur. Br. Sveinn Kaaber segir: „Braun skilaði borðanum þegar Hitler bannaði R. í Þýskalandi ca. 1933.“

Br. Sveinn rekur sögu br. Brauns, sem var ærið litrík og sorgleg, hvernig hann gegndi skyldu sinni við samfélagið á vígstöðvunum, slapp við góðan orðstír frá þeim hildarleik, en fór verr út úr seinni styrjöldinni þegar hann missti allt sitt, eigur og fjölskyldu. Fleira blandast þar í svo sem saga stúkunnar sem hann starfaði í og einn gripur frá henni sem varðveittist hér á Íslandi. Br. Sveinn segir: „Þetta var það eina sem eftir var úr gömlu stúkunni í Altona því stúkubyggingin var lögð í rúst í loftárás í stríðinu.“ Að ákvörðun Æðsta ráðs Frímúrarareglunnar á Íslandi, eftir vandlega íhugun, var þessi gripur afhentur stúku br. Brauns, stúkunni Carl Zum Feldsen, sem þá var í Hamborg.

Auk frásagnar br. Sveins Kaaber er í heftinu bréf frá 30. september 1969. Það er ritað af br. Helga P. Briem, þar sem hann segir frá því hvernig borðinn komst í vörslu safnsins og greinir auk þess frá sterkum áhrifum sem borðinn hefur haft á fólk, ef til vill vegna þess hvílkur ólánsmaður br. Braun hafði verið.

Br. Helgi segir: „Er ég tók við borðanum kvaðst ég vona að sú ógífta sem hafi fylgt Braun fylgdi ekki þessum borða, en daginn eftir fór ég með hann til fjölkunnugrar konu, sem ég þekkti og afhenti henni hann í pappaóskju. Er hún tók við henni sagði hún strax: „Æ, hver ósköp eru þetta! Það eru allar vibrationir rangar. Og svo sterkar.“ Sagðist hún ekki geta snúið vibrationunum rétt, ef til vill gæti hún



Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

Brauns-borðinn á Minjasafni Reglunnar með fimm arma stjörnu.

neutraliserað þær, svo hluturinn gerði ekki ógagn. Endurtók hún vígsluna þrisvar sinnum, áður en henni fannst stjarnan orðin hlutlaus.“

Frásagnir þeirra br. Sveins Kaaber og br. Helga P. Briem eru mun ítarlegri og afskaplega dramatískar. Ástæða er til að hvetja bræður til að koma við á Minjasafninu og kynna sér örlagasögu þá sem borði br. Brauns er til minja um.

Þórhallur Birgir Jósefsson

 <p>TENGIR - framtíðin er ljós www.tengir.is</p>	 <p>GLUGAR Kaldbaksgötu 1, Akureyri</p>	 <p>www.kjarnafaedi.is</p>
 <p>Bananar ehf. www.bananar.is</p>	 <p>ISPAN HE. EINANGRUNARGLER AKUREYRI</p>	 <p>BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur Europcar Þínar þafir - okkar þjónusta. www.holdur.is</p>
 <p>Útrás Smiðja - allt úr stáli - Sími 461 2911 - www.utras.is</p>	 <p>Ekta fiskur Sérfræðingar í saltfisi - Útvaðaður saltfiskur án beina til - Séríttu saltfiskur án beina til steiki - Ýsa, þorskur, gellur, kinnfiskur, rak - Eitnig fjölbreytt úrval tilbúinna ré www.ektafiskur.is PÖNTUNARSÍMI: 466 1016 FRUMKVÓÐLAUFYRIRTEKI ÁRSINS 2007 - VIÐURKENSING FRÁ MATUR ÖK HÉRAÐI -</p>	 <p>www.norlandair.is</p>
 <p>GRAND ÞVOTTUR EHF preben@thvottur.is</p>	 <p>mbl.is</p>	 <p>ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf</p>
 <p>FMBS IS S: 456 6330</p>	<p>Gröfupjónusta Barða Ön. Hafrafelli, Ísafirði Sími 892 0429</p>	 <p>ISBLIKK BLIKKSMÍÐJA ehf</p>
 <p>JAKOB VALGEIR EHF. Grundarstíg 5 Sími 894 7584</p>	<p>Pípulagningarþjónusta Bolungarvíkur Hafnargötu 116, Bolungarvík Sími 893 4063</p>	<p>Verslun Bjarna Eiríkssonar Hafnargötu 81, Bolungarvík Sími 456 7300</p>
 <p>VESTFIRSKIR VERKTAKAR</p>	 <p>LOFT ORKA Í BORGARNESI EHF</p>	 <p>VÉLSMÍÐJA ÓLAFS R. GUDJÓNSSONAR SMÍÐJUVÖLLUM 6 AKRANES - Sími 431 3022</p>
 <p>STRAUMNES EHF RAFVERKTAKAR</p>	 <p>PK Lagnir</p>	 <p>PÓSTURINN Akranesi</p>



Minni-Borg, 801 Selfoss
S. 486-4408



Hjólbarðaðjónusta Magnúsar



Gagnheiðir 25
800 Selfossi
S. 482 2151
S. 897 3351
Hs. 482 4151

Nesey ehf



HÚSEY ehf.

Teikni- og verkfræðistofa

Sími: 898-9199 | Netf.: husey@internet.is

Vinnustofa: Austurvegi 4, Selfossi



PALLI EGILS EHF.

Hrúsholti 23, Selfossi
Sími 893 1223

Akstur og flutningur
Hífi og slaka



897-5908 854-1943 482-2389

Harðfiskur - Bitafiskur



Eyrarbraut 31, 825 Stokkseyri

Sími: 483-1300

852-5330/892-5330

Fax: 483-1300

Ábygg

Alhliða byggingaþjónusta

Sími 896 6624 • 482 2826



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Á Stórhátíð Reglunnar voru séra Kristján Björnsson (t.v.) og Kristján Jóhannsson (t.h.) vígðir R&K. Hér ávarpar séra Kristján bræðurna við bróðurmáltíðina.

Stórhátíð 2015

Stórhátíð Reglunnar var haldinn 19. mars 2015 og sóttu vel á þriðja hundrað bræður hátíðina, sem er gleðilegt en þessi mikil áhugi bræðra á málefnum Reglunnar endurspeglast vel í fundarsókninni sem væntanlega bendir til þess að innan Reglunnar finni bræður styrk og frið í ölduróti þess ástands sem nú ríkir í þjóðfélaginu.

Á fundinum voru tveir bræður vígðir til R&K, þeir br. Kristján Jó-

hannsson og br. Kristján Björnsson en jafnframt var tilkynnt um breytingar á embættisskipan innan Reglunnar. Nánari upplýsingar um þær eru hér á næstu síðum.

Skýrslur um störf Reglunnar voru fluttar af br. úr æðstu stjórn Reglunnar, þ.m.t. br. Kristjáni Sigmundssyni, FHR, en í máli hans kom fram að viðsnúningur hefði orðið á fjárhag Reglunnar, sem er vel.

SMR, Valur Valsson, ávarpaði bræður á fundinum og óskaði nýjum R&K til hamingju með tímamótin og þakkaði fráfarandi embættismönnum fyrir vel unnin störf. ÆKR Reglunnar, Örn Bárður Jónsson, flutti innblásna og áhugaverða ræðu þar sem tæpt var á heimspeki, kristinni arfleifð og innri baráttu mannsins, svo eitthvað sé nefnt.

Frá Stjórnstofu

Eftirtaldar breytingar urðu á skipan embætta í Æðstu stjórn Reglunnar og í Landsstúku Frímúrarareglunnar á Íslandi, Stúartstúkunni á Akureyri og ráðum Reglunnar á Stórhátíð 19. mars 2015:

1. Hæstupplýstur br. R&K.r.k. Úlfar Guðmundsson SÆK, sem náð hefur hámarksaldri embættismanna, er hér með leystur frá embætti SÆK.
2. Hæstupplýstur br. R&K.r.k. Vigfús Þór Árnason er hér með skipaður SÆK, janframt er hann leystur frá embætti St. Km.
3. Hæstupplýstur br. R&K.r.k. Bent Bjarnason er hér með leystur frá embætti ÁMR að eigin ósk.
4. Hæstupplýstur br. R&K.r.k. Sigurður Kr. Sigurðsson er hér með skipaður ÁMR, janframt er hann leystur frá embætti RMR.
5. Hæstupplýstur br. R&K. r.k. Aðalsteinn V. Júlíusson er hér með skipaður RMR, janframt er hann leystur frá embætti MBR.
6. Hæstupplýstur br. R&K.r.k. Kristján Jóhannsson er hér með skipaður MBR.
7. Hæstupplýstur br. R&K.r.k. Kristján Björnsson er hér með skipaður St.Km.

Landsstúkan, embættisskipan:

8. Háttupplýstur br.r.p. Friðrik Hjartar, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti Yf.Km.
9. Háttupplýstur br. r.p. Bragi Jóhann Ingibergsson er hér með skipaður til að vera Yf.Km.
10. Háttupplýstur br. r.p. Tómas Halldór Ragnarsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti Yf. Stú.M.

11. Háttupplýstur br. r.p. Gunnar Ólafsson er hér með skipaður til að vera Yf.Stú.M.
12. Háttupplýstur br. r.p. Ingolf J. Petersen, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti E. Yf. Stv.
13. Háttupplýstur br. r.p. Gunnar Þórólfsson er hér með skipaður til að vera E. Yf.Stv.
14. Háttupplýstur br. r.p. Pálmi Gestsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti E. Yf. Stv.
15. Háttupplýstur br. r.p. Hákon Birgir Sigurjónsson er hér með skipaður til að vera E. Yf.Stv.
16. Háttupplýstur br. r.p. Guðmundur Már Stefánsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti Y.Yf.Stv.
17. Háttupplýstur br. r.p. Eiríkur Finnur Greipsson er hér með skipaður til að vera Y. Yf.Stv
18. Háttupplýstur br. r.p. Jens Sandholt er hér með skipaður til að vera Yf.Kv. til Stórhátíðar 2018.
19. Háttupplýstur br. r.p. Jón Þ. Einarsson er hér með leystur frá embætti Stú.M. að eigin ósk.
20. Hæstlýsandi br. Vilhjálmur Þorláksson er hér með skipaður til að vera Stú.M.
21. Háttupplýstur br. r.p. Snorri Egilson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti FSMR.
22. Háttupplýstur br. r.p. Guðjón Sigurbjörnsson er hér með skipaður til að vera FSMR.
23. Háttupplýstur br. r.p. Sigurður G. Vilhelmsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti FSMR.
24. Háttupplýstur br. r.p. Símon Sigurpálsson er hér með skipaður til að vera FSMR; janframt er hann leystur frá embætti Sm.
25. Háttupplýstur br. r.p. Þorbergur Aðalsteinsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti FSMR.
26. Háttupplýstur br. r.p. Örn Þór Arnarson er hér með skipaður til að vera FSMR.
27. Háttupplýstur br. r.p. Jónas Þórir Þórisson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með skipaður til að vera Söngstjóri til næstu Stórhátíðar.
28. Háttupplýstur br. r.p. Þorgeir Þorgeirsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með skipaður til að vera Kv. til Stórhátíðar 2018.
29. Háttupplýstur br. r.p. Þórður Oddsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með skipaður til að vera A.Skv. til næstu Stórhátíðar.
30. Háttupplýstur br. r.p. Snorri Magnússon, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti Sm.
31. Háttupplýstur br. r.p. Hilmar Högnason er hér með leystur frá embætti Sm. að eigin ósk.
32. Háttupplýstur br. Kristinn Tómasson er hér með skipaður til að vera Sm.
33. Upplýstur br. Reynir Einarsson er hér með leystur frá embætti Sm. að eigin ósk.
34. Háttupplýstur br. r.p. Sverrir K. Marinósson er hér með leystur frá embætti Sm. að eigin ósk.
35. Upplýstur br. Þórður Jónsson er hér með skipaður til að vera Sm.
36. Upplýstur br. Árni Gunnarsson er hér með skipaður til að vera Sm.
37. Upplýstur br. Arnbjörn Arason er hér með skipaður til að vera Sm.
38. Hæstlýsandi br. Eyjólfur Baldursson er hér með skipaður til að vera Fh.

39. Upplýstur br. Skapti Haraldsson er hér með skipaður til að vera Sm.
40. Háttupplýstur br. r.p. Karl Hólm Gunnlaugsson er hér með leystur frá embætti E. Stú. að eigin ósk.
41. Háttupplýstur br. r.p. Þorbergur Aðalsteinsson er hér með skipaður til að vera E. Stú.
42. Háttupplýstur br. r.p. Samúel Smári Hreggviðsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti Y.Stú.
43. Háttupplýstur br. r.p. Arnar Hauksson er hér með skipaður til að vera Y.Stú.
44. Háttupplýstur br. r.p. Sigurberg Guðjónsson er hér með skipaður til að vera R.
45. Upplýstur br. Jakob Möller er hér með skipaður til að vera R.
46. Hæstlýsandi br. Rúnar Hreinsson er hér með leystur frá störfum sem Lv. að eigin ósk.
47. Upplýstur br. Bjarni Ó. Guðmundsson er hér með skipaður til að vera Lv.

Stúartstúkan á Akureyri

48. Háttupplýstur br. r.p. Ingólfur S. Ingólfsson er hér með leystur frá embætti Yf.Stú.M. að eigin ósk.
49. Háttupplýstur br. r.p. Jón Símon Karlsson er hér með skipaður til að vera Yf.Stú.M., jafnframt er hann leystur frá embætti R.
50. Háttupplýstur br. r.p. Birgir Ágústsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti Hö.
51. Háttupplýstur br. r.p. Gylfi Guðmarsson er hér með skipaður til að vera Hö.
52. Háttupplýstur br. r.p. Kristinn Tómasson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti Yf.Sm.
53. Háttupplýstur br. r.p. Friðrik Adolfsson, er hér með skipaður til að vera Yf.Sm.; jafnframt er hann leystur frá embætti E.Sm.

54. Upplýstur br. Bjarni Þórhallsson er hér með skipaður til að vera R.
55. Háttupplýstur br. r.p. Hannes Haraldsson er hér með skipaður til að vera E.Sm.; jafnframt er hann leystur frá embætti Y.Sm.
56. Hæstlýsandi br. Ari Fossdal er hér með skipaður til að vera Y.Sm.; jafnframt er hann leystur frá embætti A.Sm.
57. Háttupplýstur br. r.p. Kristján Árnason, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti A.E.Stv.
58. Upplýstur br. Vilhelm Þorri Vilhelmsson er hér með skipaður til að vera A.E.Stv.; jafnframt er hann leystur frá embætti A. Y.Stv.
59. Háttupplýstur br. r.p. Sigurgeir Aðalgeirsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti.
60. Háttupplýstur br. r.p. Sigurður Brynjúlfsson er hér með skipaður til að vera A.E.Stv.
61. Háttupplýstur br. r.p. Kristmundur Valberg er hér með skipaður til að vera A.Y.Stv.
62. Upplýstur br. Sveinn Árnason Bjarman, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með leystur frá embætti A.Sm.
63. Hæstlýsandi br. Preben Jón Pétursson er hér með skipaður til að vera A.Sm.
64. Hæstlýsandi br. Maron Pétursson er hér með skipaður til að vera A.Sm.
65. Upplýstur br. Reynir Kárasen er hér með skipaður A.R.

Fjárhagsráð

66. Háttupplýstur br. r.p. Ólafur R. Jónsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fjárhagsráði til Stórhátíðar 2017.
67. Háttupplýstur br. r.p. Jens Sandholt er hér með skipaður til að eiga sæti í Fjárhagsráði til Stórhátíðar 2017.

68. Upplýstur br. Jón Eiríksson, er hér með skipaður til að eiga sæti í Fjárhagsráði til Stórhátíðar 2017.
69. Háttupplýstur br. r.p. Sveinbjörn E. Björnsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fjárhagsráði til Stórhátíðar 2017.

Stúkuráð

70. Háttupplýstur br. r.p. Steingrímur B. Gunnarsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Stúkuráði til Stórhátíðar 2017.
71. Háttupplýstur br. r.p. Jóhann Steinsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Stúkuráði til Stórhátíðar 2017.
72. Háttupplýstur br. r.p. Pétur A. Maaek er hér með skipaður til að eiga sæti í Stúkuráði til Stórhátíðar 2017.

Fræðaráð

73. Háttupplýstur br. r.p. Gísli Benediktsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fræðaráði til Stórhátíðar 2016.
74. Háttupplýstur br. r.p. Bergur Jónsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fræðaráði til Stórhátíðar 2016.
75. Háttupplýstur br. r.p. Steinn G. Ólafsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fræðaráði til Stórhátíðar 2016.
76. Upplýstur br. Árni Gunnarsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fræðaráði til Stórhátíðar 2016.
77. Upplýstur br. Þórarinn Þórarinsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fræðaráði til Stórhátíðar 2016.
78. Háttupplýstur br. r.p. Ólafur Ólafsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fræðaráði til Stórhátíðar 2016 og jafnframt skipaður til að vera ritari Fræðaráðs.
79. Hæstupplýstur br. R&K.r.k. Sigurður Kr. Sigurðsson hefur tekið við embætti Oddvita Styrktarráðs.



Dagurinn er bara allt annar

Ota haframjölið er framleitt úr 100% sérvöldum höfrum sem eru flokkaðir, valsaðir og síðan ristaðir til að auka enn á bragðgæðin. Hafragrautur úr Ota Solgryn



er einfaldur og hollur morgunverður með háu hlutfalli af fjölsykrum, trefjaríkur og mettandi og dugar þér langt inn í daginn.

OTA SOLGRYN

BARA ÞAÐ BESTA

SAGE



**R.L.
WINSTON
ROD CO.**



SIMMS



VEIÐIHORNID

VEIÐIHORNID ■ SÍÐUMÚLA 8 ■ 108 REYKJAVÍK ■ SÍMI 568 8410 ■ VEIÐIHORNID.IS

JANUSSTÓR